



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Dagskrá 42. aðalfundar SSA 2008

26. og 27. september

Fundarstaður : Djúpvogur – Hótel Framtíð.

Föstudagur: 26. september

13.30: Fundargögn til afhendingar.

14 .00: Fundarsetning. Formaður SSA: Bj. Hafþór Guðmundsson

Kosning fundarstjóra, ritara, kjörbréfanefndar og nefndanefndar

Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2007-08: Bj. Hafþór Guðmundsson

Reikningar SSA 2007/ Fjárhagsáætlun, endurskoðuð 2008 og

áætlun 2009 : Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA

Skýrslur eftirtalinnna stofnana og nefnda eru ekki sendar út með fundarboði, en eru með fundargögnum til aðalfundarfulltrúa og verður vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

A) Orku og stóriðjunefnd SSA.

B) Samgöngunefnd SSA.

C) Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

D) Menningarráð Austurlands.

E) Þekkingarnet Austurlands.

F) Ferðamálasamtök Austurlands.

G) Breytingar á samþykktum SSA. (til sveitarfélaga 02.09)

14.30 : Ávörp gesta:

Kristján L. Möller, ráðherra sveitarstjórnarmála.

Halldór Halldórsson, form. Sambands ísl. sveitarfélaga.

Kristján Þ.Júlíusson, 1. þingm. Norð-Austurkjördæmi.

15.10: Fyrirspurnir

15.20 : Nýir íbúar á Austurlandi : (Eftirfylgnisteymi SSA).

Helga Steinsson starfsm. Fjölmeningarseturs.

15.45 : Fyrirspurnir.

15.55 : Lausnir ? : Meðferð og úrvinnsla úrgangs á Austurlandi.

Hafliði Hafliðason verkefnisstjóri starfshóps SSA

16.20 : Fyrirspurnir.

16.30 : Austurland eitt sveitarfélag:

Grétar Þór Eypórsson prófessor H.A.

16.55 : Fyrirspurnir.

17.05 : Tillögur til aðalfundar.

A) Álit kjörbréfanefndar

B) Tillögur nefndanefndar

c) Tillögur frá stjórn og fulltrúum.

17.55 : Fundi frestað til morguns.

Undirbúningur nefndastarfa hefst.

18.15-19.45: Óvissuferð í boði heimasveitarfélags

20.30-23.30: Hátíðarkvöldverður í boði SSA.

Dagskrá í höndum heimamanna.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Dagskrá 42. aðalfundar 2008

26. og 27. September

Fundarstaður: Djúpivogur – Hótel Framtíð

Laugardagur 27. september

09.00-11.00: Nefndastörf.

11.00: Vaxtarsamningur Austurlands : Hvað svo ?

Björk Sigurgeirsdóttir framkvæmdastjóri .

11.25: Fyrirspurnir.

11.35: Áhættumat :Skyldur og ábyrgð sveitarfélaga .

Þórunn Sveinsdóttir deildarstjóri Vinnueftirlit ríkisins .

11.50: Fyrirspurnir.

12.00: Hádegisverður.

13.10: Nefndastörfum lýkur.

13.20: Afgreiðsla nefndaálita og umræður.

Breytingar á Samþykktum SSA.

14:40: Kosningar :

Stjórn SSA (7 aðal- og varamenn)

Skoðunarmenn ársreikninga (2 aðal- og varamenn)

Orku og Stóriðjunefnd (5 aðal- og varamenn)

Samgöngunefnd (5 aðal- og varamenn)

Mennta-, menningar og ferðamálanefnd (5 aðal- og varamenn)

15.00: Önnur mál.

15.15: Áætluð fundarlok.

Réttur er áskilinn til breytinga á dagskrá.

Rétt til setu á fundinum eiga kjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaga og gestir.

Starfsnefndir á aðalfundinum utan hefðbundinna nefnda.

Byggða- og atvinnumálanefnd, Mennta- og menningarmálanefnd, Samgöngunefnd og Allsherjarnefnd.

f.h stjórnar SSA

sign: Þorvaldur Jóhannsson

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Fundargerð 42. aðalfundar SSA,
haldinn á Hótel Framtíð, Djúpavogi
dagana 26. og 27. september 2008

Föstudagur 26. sept.

Björn Hafþór Guðmundsson, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 14:00 og bauð fundarmenn velkomna á þennan fertugasta og annan aðalfund sambandsins. Sagði hann fundinn með hefðbundnu sniði og fór yfir dagskrá hans.

Að inngangi formanns loknum skipaði hann **Kristján Ingimarsson** og **Elínu Magnúsdóttur** fundarstjóra.

Fundarstjóri, Kristján, tók síðan við stjórn fundarins og þakkaði fyrir hönd beggja fyrir auðsýnt traust og yfirför nokkur praktísk atriði áður en hann skipaði **Bryndísi Reynisdóttur** og **Albert Jensson** sem fundarritara.

Tæknimál annast **Ólafur Björnsson** og **Birgir Th. Ágústsson**.

Skipað í kjörbréfanefnd: Díana Mjöll Sveinsdóttir, Soffía Lárusdóttir og Aðalbjörn Björnsson

Skipað í nefndanefnd: Guðrún Ingimundardóttir, formaður, Baldur Pálsson, Cecil Haraldsson.

Björn Hafþór kynnti skýrslu stjórnar starfsárið 2007 – 2008, sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 2. Vísað til allsherjarnefndar.

Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri, kynnti reikninga SSA 2008, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2008 og áætlun 2009. Ársreikningur, fjárhagsáætlun og greinargerð, fylgir sem þingskjal nr. 3, nr. 4 og nr. 5. Vísað til fjárhagsnefndar. Skýrsla stjórnar vísað til fjárhagsnefndar sem þingskjal nr. 2, sbr. ofan. Þorvaldur minnti á að skýrslur eftirtalinna stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

A) Orku og stóriðjunefnd SSA.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 6

B) Samgöngunefnd SSA.

Vísað til samgöngunefndar. Þingskjal nr. 7.

C) Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Vísað til allsherjarnefndar. Þingskjal nr. 8.

D) Menningarráð Austurlands.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 9

E) Þekkingarnet Austurlands.

Vísað til mennta- og menningarmálanefndar. Þingskjal nr. 10.

F) Ferðamálasamtök Austurlands.

Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar. Þingskjal nr. 11.

G) Breytingar á samþykktum SSA.

Vísað til allsherjarnefndar

1. Ávörp gesta:

**Kristján L. Möller ráðherra sveitarstjórnarmála.
Halldór Halldórsson form. Sambands ísl. sveitarfélaga.
Kristján Þ. Júlíusson 1. þingm. Norð-Austurkjördæmi.**

Kristján L. Möller fór yfir stöðu þéttbýliskjarna á Austurlandi og fjölda íbúa á hverjum stað. Hann kynnti átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins og verkskiptingu og talaði þar m.a. um flutning á málefnum aldaðra og fatlaðra til sveitarfélaganna á árunum 2011 og 2012. Kristján útskýrði að reglur jöfnunarsjóðsins yrði breytt í haust en sveitarfélögin fengu ákveðin aðlögunartíma. Kristján sagði að hann hefði áhuga á því að finna sérfræðinga til þess að fara í gegnum þessi mál en það yrðu ekki endilega sveitarstjórnarmenn. Einnig myndi sérfræðihópur mun endurskoða heildstætt reglur sjóðsins.

Kristján talaði um þessi stóru verkefni sem bíða sveitarfélaganna og hvort þau væru nógu stór og öflug til þess að takast á við þau, minntist þar á fámenna hreppi á landsbyggðinni en meira en helmingur sveitarfélaga hefur færri en 1000 íbúa. Í umræðunni um þessi mál hefur það verið m.a. rætt að myndað verði þjónustusvæði með að lágmarki 7000-8000 íbúa fyrir ný velferðarverkefni. Í framhaldi af því kynnti hann yfirlit yfir fjölda sveitarfélaga eftir stærð en þar kom fram að 58% sveitarfélaga er með færri en 1000 íbúa. Íbúapróun sveitarfélaga á Austurlandi var skoðuð og árin 1990 og 2007 borin saman. Kristján minntist á að 50 íbúa lágmark væri of lágt, 1000 íbúar sé betri stærð og var þessi hugmynd skoðuð út frá þróun á Vestfjörðum. Í framhaldi af því sagði Kristján að í sveitarstjórnarlögum stæði í 88. grein „ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélag með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir“. Kristján fór yfir rekstrarniðurstöðu af afkomu sveitarsjóðanna á Austurlandi árið 2007 og kynnti aukaframlag jöfnunarsjóðs fyrir Austurland árið 2007. Einnig var farið yfir skatttekjur sveitarfélaga á Austurlandi og innbyrðis skipting tekna. Í lokin minntist Kristján á önnur brýn verkefni í ráðuneytinu t.d. starfshóp til að ræða svæða samvinnu sveitarfélaga og landshlutasamtaka og viðræður við sveitarfélögin um fjármálareglur. Einnig stendur til að gera heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum, en þau eru 10 ára gömul lög. Í þeirri skoðun er ætlunin að ræða um tækifæri íbúa til þess að fylgjast betur með gangi mála og hvernig íbúar geta haft áhrif með lýðræðislegum hætti

Kristján fór inn á samgöngumálin og fjarskipti en þar er áhugi fyrir að tengja betur saman áætlanagerð á sviði samgangna og fjarskipta við sveitarstjórnarmál en slíkt skiptir máli fyrir frekari framþróun og eflingu sveitarstjórnarstig. Jarðgangnagerð og vegabætur munu áfram gegna lykilhlutverki við að tengja byggðir, sem greiðir leið til sameiningar. Kristján fór yfir það fjármagn sem farið hefur til vegamála á landinu en á árinu 2008 fór 31 milljarður króna til vegamála á landinu árið 2008, þar af 21 milljarður í stofnkostnað og tæpir 5 milljarðar í verkefni í Norðausturkjördæmi 2008 og 2009 hvort ár. Kristján fór yfir stöðuna á núverandi vegarkerfi á Austurlandi, hvar væri bundið slitlag og hvar væru malarvegir og kynnti þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar í ár og á næstu árum en það er m.a. Norðfjarðargöng, Vopnafjarðarheiði, Arnórsstaðarmúli, Þjóðvegur 1 (Skriðdalur, Valtýskambur, Þvottáskriður), Hólmaháls, ný leið við Hornafjarðarfljót og Öxi (sem kemur til útboðs á næsta ári). Einnig var farið yfir framtíðarsýn í vegamálum á Austurlandi og minnst á tengingu milli Vopnafjarðar og Héraðs, göng á Miðausturlandi og Lónsheiði.

Halldór Halldórsson, formaður sambands íslenskra sveitarfélaga, þakkaði fyrir það tækifæri sem hann fær hér til að ávarpa fundinn. Hann minntist á farsæl störf Þórðar Skúlasonar fráfarandi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga en fagnaði um leið eftirmanni hans, Karli Björnssyni. Samstarf sambandsins við sveitarstjórnarmenn hefur verið farsælt en nýlega hafi verið gerðar breytingar á skjalavistunarkerfi sambandsins þannig að undirgögn stjórnarinnar liggja þar frammi til kynningar fyrir sveitarfélög landsins. Hann hvatti sveitarfélögin til þess að gæta varúðar í rekstri á meðan á samdrætti í efnahagslífinu gætir en við þessar aðstæður verður samdráttur í tekjum ríkissjóðs sem hefur áhrif á tekjur sveitarfélaga. Halldór sagði frá því að í ágúst á þessu ári hefði verið samþykkt yfirlýsing frá stjórninni um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga en í þeirri yfirlýsingu er m.a. talað um aukaframlag í Jöfnunarsjóð, stuðning við fráveituframkvæmdir, fjármagn til Varasjóðs húsnæðismála, koma af stað viðræðum um aukna hlutdeild ríkis í almenningssamgöngum og fleira. Flutningur verkefna í málefnum fatlaðra og aldraðra hefur ekki gengið eins hratt fyrir og vonir stóðu til. Flutningurinn verið auðveldari með málefni fatlaðra þar sem sá málaflokkur er betur skilgreindari en málefni aldraðra, sem oft hefur reynst erfiðara að skilgreina. Halldór minntist á að árið 2007 hefði verið hagstætt rekstrarár en það ár voru flest sveitarfélög rekin með hagnaði. Varhugavert væri þó að nota það ár sem viðmiðun þar sem það telst sérstaklega gott rekstrarár miðað við árin frá 2001. Halldór sagði frá því að enn stæðu yfir viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um mögulega setningu fjármálareglna en búast mætti við því að við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga sem boðuð hefur verið mætti reikna með því að fjármálakafli þeirra verði styrktur verulega frá því sem nú er og því væri það styrkleiki fyrir sveitarfélögin að vera komin með fjármálareglur áður en ný sveitarstjórnarlög verða samþykkt. Hann minntist á að byggðastefna sambandsins yrði endurskoðuð á næstunni og starfshópur skipaður en dagsetning byggðarráðstefnu lægi ekki fyrir. Hann sagði frá viðræðum milli sambandsins og menntamálaráðuneytisins um nýtt frumvarp um tónlistarfræðslu, áhersla menntamálaráðherra á að koma til móts við sveitarfélögin vegna tónlistarfræðslu framhaldsskólanema en þær viðræður væru á byrjunarstigi. Hann minnti sveitarfélög á það að þau þurfa að hafa skýra framtíðarsýn og samstöðu þyrfti að ríkja um hana. Umræða ætti að vera tekin um sameiningu sveitarfélaga og lögbundið lágmark og kom með hugmynd að því að ræða sameiningu sveitarfélaga á þeim forsendum að um styrkingu stjórnsýslustigs sé að ræða en ekki sameiningu þjónustusvæða. Hann tók fram að stefna sambands íslenskra sveitarfélaga væri mótuð á landsþingum og hefur í mörg ár verið sú varðandi sameiningu sveitarfélaga að stefna beri að styrkingu sveitarstjórnarstigsins með sameiningu en með frjálsum hætti. Ræða þurfi sameiningarmál í víðara samhengi og í samræmi við stefnu að íbúar eigi að kjósa um sameiningu.

Kristján Þór Júlíusson þakkaði Hornfirðingum fyrir samstarfið á liðnum árum og óskaði þeim heilla í nýju kjördæmi. Hann hvatti sveitarstjórnarmenn til þess að vinna saman og mynda samstöðu því þannig væri hægt að vinna betur að framgangi einstakra mála. Hann minntist á að nú væri vissulega samdráttur í efnahagslífinu en við hér á landsbyggðinni gætum þó betur við unað en margir aðrir á höfuðborgarsvæðinu þar sem samdráttur hefur verið gífurlegur. Sveiflan hefur ekki haft jafn mikil áhrif á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og því gætum við búist við því að á næstu árum verði slagurinn verði allharður um þá fjármuni sem til skiptanna eru. Á þeim tímum er enn mikilvægara að samstaða ríki milli heimamanna og minnti sveitarstjórnarmenn á það að festast ekki um of í þeim hlutum sem snúa að sveitarfélaginu og gleyma ekki undirstöðunni, sem er atvinnulífið sjálft. Kristján vildi ekki fara of djúpt í að ræða sameiningu sveitarfélaga en hans persónulega skoðun væri sú að reyna að draga upp heildstæða mynd af þjónustusvæði.

Hann hvatti sveitarstjórnarmenn til að hugsa þetta í stjórnsýslueiningum, eins og Halldór Halldórsson talaði um. Fyrst og fremst verður að hafa í huga vilja íbúa og verkefni þeirra,

sóknarfærin væru fjölmörg. Hann benti á dæmi um fámenn sveitarfélög með stóra hugsun en gengu engu að síður vel. Það kallaði oft á tíðum á meiri styrk á horfa upp á við. Kristján lýsti yfir fullum vilja þingmanna til að vinna að þeim hagsmunamálum sem sveitarstjórnarmenn settu þeim.

Fyrirspurnir bárust frá Birni Hafþór sem sagðist styðja umræðu um eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að lækka lágmarkstöluna. Hann minntist einnig á það að menn ættu ekki að einlína um of á tölur um jöfnunarsjóðinn en sagði það jafnframt fagnaðarefni hversu vel árið 2007 hefði komið út en þó ætti einnig að líta aftur í tímann; Ólafi Sigurðssyni hvort að hljómgrunnur væri fyrir því að setja 1000 íbúa sem lágmarksstærð; Helgu Jónsdóttur varðandi umræðu um lágmarksstærð íbúa og einnig vildi hún mælast til þess að sveitarstjórnarlögin yrðu endurskoðuð með tilliti til nýs umgjarðar um sveitastjórnarstigið. Í lokin hvatti hún sveitarstjórnarmenn til þess að standa saman um sín hagsmunarmál og vera tilbúnir að ræða þann ágreining sem hugsanlega gæti komið upp; Gunnþórunni Ingólfssdóttur varðandi sameiningu og benti á að það væri margt sem gæti stuðlað að sameiningu t.d. verkefnaflutningur og bætтар samgöngur og kom í framhaldi með spurningu til samgönguráðherra um hvaða áherslur eru varðandi uppbyggingu á héraðsvegum og hvenær gengið yrði frá samningum við Símann varðandi fjarskipti og framkvæmdir gætu hafist; Eiríki Björgvinssyni til Halldórs varðandi tímasetningu á fjármálaráðstefnu.

2. Nýir íbúar á Austurlandi: (eftirfylgniteymi SSA)

Helga Steinsson, starfsmaður Fjölmenningarseturs kynnti framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda en sú áætlun felur m.a. í sér samstarf á milli ríkis og sveitarfélaga, samfélagsleg verkefni með atvinnurekendum, stéttarfélögum, stjórn málaflökkum, íþróttahreyfingum og fleiri aðilum. Samstarf milli ríkis og sveitarfélaga felst m.a. í því að hjálpa til við aðlögun innflytjenda, stefnumótun sveitarfélaga, samstarf við fjölmenningarsetur og símiðlun til sveitarfélaga og skráning. Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang í þremur þéttbýliskjörnum á Austurlandi árin 2007 og 2008 var skoðað en þar kemur fram að árið 2007 er hlutfall þeirra af íbúafjölda tæplega 5% á Hornarfirði en rúmlega 30% í Fjarðabyggð og Fljótshéraði. Árið 2008 hefur hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af íbúafjölda minnkað niður í rúmlega 20% í tveimur síðastnefndu sveitarfélögum en nánast staðið í stað á Hornarfirði. Skýrslan „Svona gerum við“ var unnin í samvinnu við Fjarðabyggð og Fjölmenningarsetur með Eftirfylgniteymi SSA. Fjarðabyggð hefur verið að vinna að móttökufarli fyrir nýja íbúa og reynslan þar sýnir að nauðsyn er á markvissu samstarfi við atvinnulífið, nýir Íslendingar þiggja frekar móttökuvíðtal en síður hinir erlendu. Ein helsta hindrunin í að ná til nýrra íbúa og bjóða þeim í móttökuvíðtal er ómarkviss skráning, þar sem sveitarfélagið fær ekki upplýsingar um nýkomna nógu fljótt. Því er mikil þörf á náinn samvinnu við atvinnulífið um nýja íbúa. Á meðan skráningar íbúa eru með þeim hætti sem tíðkast í dag þurfa sveitarfélög og atvinnulíf að koma sér upp ákveðnum verklagsreglum varðandi upplýsingamiðlun. Á það hefur verið bent að hugsanlega myndu erlendu íbúarnir frekar þiggja móttökuvíðtalið ef móttökustjórinn væri erlendur og talaði tungum. Nauðsynlegt er að móttökuvíðtalið sé útskýrt vel fyrir nýjum íbúum annað hvort í móttökubæklingnum eða sýnishorn af spurningum sent heim um leið og boðað er til viðtals. Móttökustjórinn þarf að vera mjög sýnilegur og sveigjanlegur þar sem nýir íbúar geta verið dreifdir um sveitarfélagið og vinnutími ekki alltaf sá sami. Hugsanlega gætu vinnustaður viðkomandi og sveitarfélag sammælt um að auðvelda nýjum íbúum að fara í viðtal á vinnutíma. Nokkuð er ljóst að miðlæg þjónustumiðstöð fyrir nýja íbúa er lykilatriði. Mörgum málum þarf að sinna fyrir nýja íbúa, fjölskyldumálum, dvalar- og atvinnumálum, sjúkra- og tryggingamálum svo eitthvað sé nefnt. Þá er mikilvægt að móttökubæklingur eða kynningarbæklingur sveitarfélagsins

liggi sem víðast frammi í nágrenninu. Helga fór einnig yfir tölulegar staðreyndir varðandi nýja íbúa í Fjarðabyggð en af 235 nýjum íbúum á tímabilinu 1. janúar til 1. ágúst 2008 eru 111 einstaklingar með íslenskt ríkisfang og 124 með erlent ríkisfang. Í lokin fór hún yfir hlutverk fjölmenningsseturs á Austurlandi sem er m.a. upplýsingamiðlun til einstaklinga, umsjón með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga, ráðgjöf vegna stefnumótunar og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar, yfirlit yfir rannsóknar og þróunarverkefni og samstarf á sviði fordómafræðslu. Næstu skrefin verða fólgin í því að vinna handbók/leiðarvísi í nánú samstarfi við sveitarfélögin á landinu og vinna stefnumótunarvinnu. Stefnumótunarvinnan á að fela í sér að sveitarfélög leggi drög að sínu hlutverki gagnvart nýjum íbúum og finni leiðir til að stuðla að markmiðum stefnunnar og hvernig meta skal árangur stefnunnar. Helga sýndi því næst fjölmörg dæmi um þróunarverkefni í sveitarfélögum landsins og hvaða atriði þarf að hafa í huga áður en farið er út í stefnumótunarvinnu. Þeir eru m.a. að stefnumótunin hafi skýran tilgang, þeir sem vinna að stefnunni þurfa að búa yfir sameiginlegum skilning á innihaldi hennar og mikilvægi þess að efla tengsl við vinnuveitendur og opinberar stofnanir í sveitarfélaginu í þeim tilgangi að auðvelda aðlögun nýrra íbúa sem fyrst. Stefnan þarf að auðvelda nýjum íbúum aðgengi að íslenskunámi og nauðsynlegar upplýsingar að vera til staðar varðandi húsnæðismál, menntun og velferðarmál. Gott er að fá nýju íbúana til að taka þátt í að móta samfélagið og fjölmenningsleg einkenni þeirra fái að njóta sín í öruggu umhverfi.

Fyrirspurnir bárust frá Katrínu Reynisdóttur varðandi miðlun upplýsinga. Á hvern hátt er þeim komið á framfæri til sveitarfélaganna þ.e.a.s. með tölvupóstum, fundum eða jafnvel málþingi. Helga benti á þá aðila sem svarað gætu þessari fyrirspurn.

3. Lausnir ? Meðferð og úrvinnsla úrgangs á Austurlandi

Hafliði Hafliðason, verkefnisstjóri starfshóps SSA, kynnti markmið landsáætlunar fyrir ökutæki, raftæki og lífrænan heimilis- og rekstrarúrgang ásamt því að fjalla um hertar kröfur fyrir urðunarstaði. Hafliði fór yfir vinnu verkefnahóps sem skipaður var einstaklingum úr sveitarfélögum á Austurlandi, HAUST og SSA. Markmið hópsins var m.a. að ná utan um umfang sorps og kanna samlegðaráhrif. Verkefnahópurinn leitaði til fjölda fagaðila á þessu sviði sem og sorpverktaka. Eftir kynningar frá fagaðilum var leitað til Mannvits við vinnslu á skýrslu um úrgangsmál á Austurlandi 2008. Hafliði fór yfir efni skýrslunnar og kynnti m.a. þær aðgerðir sem hægt er að grípa til að bæta úrgangsmál og minnka urðun. Þær eru til dæmis vigtun og skráning, aukin flokkun á sorpi og endurnýting á lífrænum úrgangi. Markmiðið er að árið 2020 hafi magn lífræns heimilis- og rekstrarúrgangs sem berst til urðunarstaða minnkað niður í 35% af heildarmagni (m.v. þyngd) þess lífræna úrgangs sem féll til árið 1995. Hafliði benti á mikilvægi þess að efla fræðslu til almennings og fyrirtækja og hvetja fólk til að flokka sorp. Næstu skref hópsins voru kynnt og stefnt að því að fara í samtarf við fyrir fyrirtæki í fjórðungnum og þá sérstaklega stærri fyrirtæki á borð við Fjarðarál. Máli sýnu til stuðnings sýndi hann dæmi um leiðir í úrvinnslu á sorpi. Áætluð afurð verkefnisins er að kostnaðargreina helstu meðhöndlunarleiðir og meta hagkvæmni þess að allt svæðið vinni saman að lausn eða hvort hagkvæmara sé að minni vinni saman. Það sé reikningsdæmi unnið verður að á næstunni í að reikna út.

Fyrirspurnir bárust frá Þorsteini Bergssyni varðandi samanburðartölur um sorphreinsun á Austurlandi m.v. önnur svæði; Þuríði Bachmann varðandi aðferðir til þess að minnka sorp og hvort að hugsanlega væri hægt að fara í sameiginlegt átak til að minnka úrgang frá verksmiðjum eða með heimilissorp. Svaraði Hafliði með greinargóðum hætti framkomnum fyrirspurnum.

4. Austurland eitt sveitarfélag ? Dr. Grétar Þór Eypórsson, prófessor við Hásk. á Akureyri.

Grétar byrjaði á því að fara yfir staðhætti Austurlands og fjölda íbúa í þéttbýli annars vegar árið 1993 og árið 2008. Á þessu tímabili hafa orðið miklar breytingar, bæði í íbúafjölda í sveitarfélögunum og fjölda sveitarfélaga en í dag eru þau átta talsins með samtals rúmlega 11 þúsund íbúa. Á Miðausturlandi (háhitasvæði álvers) er íbúafjöldinn 69% af heildinni, 20% íbúa býr á Suðursvæðinu og 11% á Norðursvæðinu (utan háhitasvæðis). Í framhaldi af því fór hann yfir áætlaðan meðalaksturstíma frá skilgreindum fjarlægðarpunktum að álverslóð í Reyðarfirði (eftir göng). Einnig fór hann yfir fólksfjöldapróun í fjórum sveitarfélögum á Austurlandi síðustu 10 ár og skýrði frá niðurstöðum skýrslu Byggðarannsóknastofunnar en þar kemur m.a. fram að íbúafjölgun er nær algjörlega bundin við Hérað og Fjarðabyggð og að sögn aðspurðra má tengja þá fjölgun við þær stóriðjuframkvæmdir sem hafa átt sér stað á Austurlandi síðustu ár. Stór hluti aðspurðra á miðsvæðinu telja að framkvæmdirnar bæti fjárhagslega afkomu þeirra en á öðrum svæðum og sést góð fylgni á milli fjarlægðar frá framkvæmdunum og afstöðu íbúanna til þessara þátta. Áhrif á rekstur sveitarfélaga virðast fyrst og fremst eiga sér stað á mesta áhrifasvæði framkvæmdanna. Grétar sagði að ef Austfirðingar væru að velta fyrir sér sameiningu ætti að skoða þá þætti sem, af fenginni reynslu, geta haft áhrif á sameiningu en þeir eru lýðræði, stærð, status og völd. Einnig hefur fyrirkomulag og staðsetning stjórnsýslu sín áhrif. Reynsla fólks úr sameinuðum sveitarfélögum er m.a. að það upplifir að valdið í nýju sveitarfélagi hafi þjappast saman í þjónustu og stjórnsýslukjörnunum. Í þeim sveitarfélögum sem verða ekki í kjarnahlutverkinu upplifir fólk m.a. að valdið hafi farið til kjarnans. Rannsóknir á áhrifum og afleiðingum sameininga á sveitarfélögum á Íslandi hefur þrenns konar fyrirkomulag verið reynt, dreifð stjórnsýsla með miðlægri aðalskrifstofu, algerlega dreifð stjórnsýsla og samþjöppun stjórnsýslu á einn stað. Grétar talaði um þau verkefni sem eru framundan hjá sveitarfélögum m.a. umræður um lagasetningu á 1000 íbúa lágmarki, yfirfærsla á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga og fleira. Hann varpaði upp þeirri spurningu hvort að sveitarfélög með 1000 íbúa sé nægilega stór eining til þess að taka við málefnum fatlaðra og hvort að raunhæfara væri að sameina Austurland í eitt stórt sveitarfélag. Í framhaldi af því var ýmsum spurningum velt upp miðað við framangreindar upplýsingar s.s. hvernig stjórnsýslu yrði skipt, hvernig þjónustu yrði dreift á milli staða og áhrif tækni og samgönguúrbóta á sameiningu.

Fyrirspurnir bárust frá Aðalbirni Björnssyni varðandi betri skýringar á þættinum varðandi lýðræði og hvort að það væri hugsanlegt út frá stækkandi atvinnusvæði að fólk gæti búið á Vopnafirði en sótt atvinnu í Egilsstaði með tilkomu jarðganga; Valdimar Hermannssyni varðandi ákjósanlegt aðgengi að þjónustukjörnum og stjórnsýslu; Ólafi Sigurðssyni varðandi það að taka góðan tíma í að vinna að sameiningarmálum og skoða hvernig við viljum sjá samfélagið eftir sameiningu. Mikilvægt sé að byggja upp fyrirmyndarsamfélag og koma strax í veg fyrir vandamálin í stað þess að taka á þeim eftir sameiningu; Þorsteini Bergssyni varðandi ástæður þess að verkefni eru færð frá ríkinu yfir á sveitarfélög.

5. Tillögur til aðalfundar.

A) Álit kjörbréfanefndar

Díana Mjöll Sveinsdóttir skilaði tillögum kjörbréfanefndar en kjörbréfanefnd skipa Díana Mjöll Sveinsdóttir, formaður, Soffía Lárusdóttir og Aðalbjörn Björnsson

B) Tillögur nefndanefndar:

Nefndanefnd.

Guðrún Ingimundardóttir formaður

Baldur Pálsson

Cecil Haraldsson.

Allsherjarnefnd

Ólafur Ármannsson formaður

Gísli Þór Briem

Eiríkur Bj. Björgvinsson

Soffía Lárusdóttir

Cecil Haraldsson

Byggða – og atvinnumálanefnd

Guðmundur Ólafsson formaður

Hrafnkell Hannesson

Valdimar O Hermansson

Íris Valsdóttir

Jóhanna Hallgrímsdóttir

Þorsteinn Bergsson

Guðrún A. Guðnadóttir

Samgöngunefnd

Ólafur Hr. Sigurðsson formaður

Andrés Skúlason

Eiður Ragnarsson

Guðmundur Þorgrímsson

Smári Geirsson

Baldur Pálsson

Gunnar Jónsson

Jónas Guðmundsson

Jónína Rós Guðmundsdóttir

Árni Rúnar Þorvaldsson

Reynir Arnarsson

Aðalbjörn Björnsson

Mennta – og menningarmálanefnd

Páll Baldursson, formaður

Helga Jónsdóttir

Þórður Vilberg Guðmundsson

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Soffía Sigurjónsdóttir
Guðrún Ingimundardóttir
Katrín Reynisdóttir
Anna Pála Víglundsdóttir

Kjörnefnd

Guðmundur R Gíslason formaður
Práinn Lárusson
Katrín Reynisdóttir

Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Steinsson formaður
Eiríkur Bj. Björgvinsson
Sigrún Birna Björnsdóttir

Tillögur nefndanefndar samþykktar samhljóða.

C) Tillögur frá stjórn og fulltrúum

Ólafur Hr. Sigurðsson gerði grein fyrir tillögunum.

Til allsherjarnefndar: (Þingskjal no. 14)

Ályktun um heilbrigðiseftirlit.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 ítrekar að Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur lengi sóst eftir verkefnum frá Umhverfisstofnun umfram það sem þegar er. Viðurkennt er að fagþekking og færni eru til staðar hjá embættinu og lagaheimildir eru fyrir slíku framsali verkefna. Aðalfundur SSA gagnrýnir Umhverfisstofnun fyrir seinagang í þessu máli en fyrir liggur stuðningur alþingismanna Norðausturkjördæmis og viljayfirlýsing umhverfisráðuneytisins, svo og stefna ríkisstjórnar Ísland um tilflutning verkefna út á land. Sætir furðu að undirstofnun ráðuneytis taki ekki mark á slíku. Nú þegar virkjunarframkvæmdum og byggingu álvers við Reyðarfjörð er lokið liggur fyrir að fækka þarf starfsmönnum HAUST ef ekki verða flutt þangað önnur verkefni. Þetta gerist á sama tíma og búast má við fækkun starfa í öðrum greinum atvinnulífsins á Austurlandi, m.a. vegna skerðingar á aflamarki þorsks.

Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 tekur heils hugar undir yfirlýsingu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. ágúst 2008. Í yfirlýsingunni leggur stjórnin sérstaklega áherslu á að gengið verði frá samkomulagi um eftirfarandi:

- Sérstakt aukaframlag ríkissjóðs, 1.400 m.kr., verði áfram greitt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

- Lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd.

- Varasjóði húsnæðismála verði tryggðir fjármunir til að gegna hlutverki sínu.

- Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði tryggðir fjármunir til að styðja við frekari sameiningu sveitarfélaga.

- Fjármunir til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á slökkvibúnaði hjá sveitarfélögum verði tryggðir.

- Hlutdeild ríkisins í endurgr. á kostnaði sveitarfélaga við refa- og minkaveiðar verði hækkuð.

- Teknar verði upp viðræður ríkisstjórnarinnar og sambandsins um þátttöku ríkissjóðs í rekstri almenningsgangna og hætt verði skattheimtu ríkisins af þeim rekstri. Fundurinn bendir

einnig á nauðsyn þess að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dugi til að mæta kostnaði sveitarfélaga við skólaakstur.

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið er að fjölga skattstofnum, t.d. með hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og skatti af einkahlutafélögum og orkumannvirkjum, þannig að sveitarfélög beri ekki skarðan hlut frá borði m.v. breytta uppsprettu tekna í þjóðfélaginu. Stóraukinn fjöldi einkahlutafélaga og einstaklinga sem einungis hafa fjármagnstekjur hefur leitt af sér að einstaklingar sem áður greiddu skatt bæði til ríkis og sveitarfélaga greiða nú í litlum mæli skatt til sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa þó eftir sem áður lögbundnar skyldur um að veita öllum íbúum sínum þjónustu. Því er óeðlilegt að breytingar á skattaumhverfi og skattareglum leiði það af sér að skattar sem undir þeirri þjónustu eiga að standa hverfi með öllu eða rýrni verulega fyrir einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins.

Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur mikla áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hann standi undir nafni. Leggja verður ríkari áherslu á það hlutverk Jöfnunarsjóðs að tryggja að hægt sé að veita sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Þetta verður að hafa að leiðarljósi við endurskoðun á reglum sjóðsins sem mikilvægt er að hraðað verði og lokið sem fyrst. Fundurinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

Tekjuskattur / jöfnunaraðgerð

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 styður ályktun 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga 2008 og skorar á ríkisstjórnina að hefja nú þegar úttekt á þeim möguleika að nota tekjuskattkerfið á einstaklinga og fyrirtæki sem jöfnunaraðgerð til að snúa við áratuga neikvæðri byggðaþróun á landsbyggðinni. Þannig mætti hafa mun meiri áhrif á byggðaþróun á veikustu byggðasvæðunum. Einnig skorar aðalfundurinn á ríkisstjórnina að skoða þann möguleika að námsmönnum yrði veittur afsláttur af endurgreiðslu námslána gegn því að þeir störfuðu á svæðum sem eiga í erfiðleikum vegna fólksfækkunar. Erlendis er sú aðferð víða notuð á landsvæðum sem eru að glíma við byggðaröskun með góðum árangri, s.s. í Noregi og í Svíþjóð.

Fráveitumálefni

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 felur stjórn SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknum mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun skólps. Þá áréttar aðalfundur SSA að ríkisvaldið hlutist til um að tekið verði tillit til mismunandi rekstrarforms og uppbyggingar við fráveitugerð sem og staðhátta sem ekki eru þeir sömu hér og víða erlendis.

Byggðastofnun og Þróunarfélag Austurlands

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur mikla áherslu á að starfsemi Þróunarfélaga og Byggðastofnunar í landshlutunum verði efl. Með því aukast

möguleikar þessara stofnana til að vinna heildstætt fyrir sveitarfélögin og atvinnulífið í landshlutanum.

Skipulags- og byggingarmál

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggst gegn nýju frumvarpi að skipulags- og byggingarlögum. Í frumvarpinu eru að finna ákvæði sem veða að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna, s.s. landsskipulagið. Fundurinn fagnar vinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi gerð umsagnar um drög umræddra laga. Fundurinn tekur einnig undir það sem kemur fram í ályktun landsþings sambandsins, að skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaganna og því mikilvægt að landsskipulagsáætlun ríkisins verði ekki réttþærri skipulagsvaldi sveitarfélaganna.

Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 felur stjórn SSA að setja á fót starfshóp sem fjalla á um og gera tillögu að framtíðarskipulagi á samstarfi sveitarfélaga í SSA .

Starfshópurinn skili tillögum sínum til stjórnar í maí 2009 þannig að hægt sé að senda þær til umsagnar aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfundar SSA 2009.

Greinargerð: Með úrsögn Hornfirðinga úr SSA eru aðildarsveitarfélög SSA orðin 8. Tvö sveitarfélög eru þá með 75% íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna. Flest voru aðildarsveitarfélögin 35 á sínum tíma. Á vegum stjórnvalda er að störfum starfshópur sem á að fara yfir og skoða skipulag Landshlutasamtakanna og svæðasamvinnu sveitarfélaga. Því þykir rétt að SSA hafi sjálft frumkvæði að því að fara yfir og skoða með hvaða hætti best megi skipa samstarfi sveitarfélaga í SSA í breyttu umhverfi.

Úrsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar úr SSA.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 samþykkir úrsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar úr SSA sbr.. bréf sveitarfélagsins til stjórnar SSA 4. júlí 2008.

Úrsögnin tekur gildi frá og með 31. des. n.k. og gilda um hana að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga. Fundurinn þakka Austur Skaftfellingum áratuga farsælt samstarf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. (meðfylgjandi greinargerð bréf 4. júlí 2008).

Sameining sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 samþykkir að fela stjórn SSA að efna til málþings um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga og framtíðarsameiningu sveitarfélaga á Austurlandi.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali no 14 til allsherjarnefndar

Til samgöngunefndar:

Fundargerð SASSA (Þingskjal no. 17).

Fundur í samgöngunefnd SSA föstudaginn 9. september, í húsnæði Vegagerðarinnar á Reyðarfirði kl.14:00.

Mætt eru: Þorsteinn Steinsson formaður, Andrés Skúlason, Íris Valsdóttir, Eiður Ragnarsson, Reynir Arnarsson og Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Jafnframt var mættur Einar Þorvarðarson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar.

1. Fundargerð SASSA frá 16. maí sl. og umsögn SASSA við samgönguáætlun.

Fundarmenn telja að það beri að leggja áherslu á fjarskipti og jarðgöng, byggt á ályktunum í fundargerðinni frá 16. maí síðastliðnum.

2. Ályktanir til aðalfundar SSA.

Aðalfundar SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 samþykkir og ályktar:

Vegamál:

1. Að áhersla verði lögð á að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það, og skal þá hafa að leiðarljósi öryggi vegfarenda ásamt umferðarþunga og styttingu leiða Einnig ætti það að vera algert forgangsverkefni að útrýma einbreiðum brúm á öllum aðalleiðum vegakerfissins, og einnig þarf auknar fjárveitingar til viðhalds á þjóðvegum vegna aukinna þungaflutninga . Fundurinn vill einnig lýsa sérstakri ánægju við samgönguyfirvöld með ákvörðun um flýtingu á nýjum vegi um Öxi þar sem áætluð verklok eru árið 2011.
2. Að eftirt. kaflar á þjóðv. 1 verði forgangsverkefni og að þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - Í Örafasveit,
 - við Hornafjarðarfljót
 - í Berufjarðarbotni
 - í Breiðdal
 - í Skriðdal
- 3 Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - á Öxi
 - í Stöðvarfirði
 - í Fáskrúðsfirði
 - á Borgarfjarðarvegi.
 - um Jökulsárhlíð.
 - Mjóafjarðarheiði.
 - Vegna tengingar Vopnafjarðar um Vopnafjarðarheiði við þjóðveg 1.
4. Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðakjarna.
- 5 Að tryggt verði fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum á Austurlandi og veghaldari sjái um viðhald þeirra.
- 6 Að tryggt sé að reiðleiðir og stígar meðfram þjóðvegum fá einnig fjármagn frá hinu opinbera.
- 7 Að auknu fé verði veitt í þjóðvegi sem liggja um þéttbýli í fjórðungnum, en viðhaldi og endurbótum er víða ábótavant.

Jarðgöng:

8. Í jarðgangamálum vill fundurinn lýsa yfir ánægju sinni með flýtingu Norðfjarðarganga. Jafnframt er bent á að margítrekað hefur Sambandið ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng og Vopnafjarðargöng. Brýnt er því að fjármagni verði veitt í áframhaldandi rannsóknir vegna Vopnafjarðarganga þ.a. hefjast megi handa við þau í beinu framhaldi af Norðfjarðargöngum.
9. Lögð er áhersla á að það hafi verið skilningur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, að Lónsheiðargöng væru sértæk aðgerð og staða þeirra á samgönguáætlun ætti ekki að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í fjórðungnum.
10. Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðaganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis. SSA telur það óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði sérstakar rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnfjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðausturlandi. Slíkar fjárveitingar hafa gífurlega þýðingu fyrir tiltrú fólks á þessum stöðum um góðar og öruggar samgöngur milli svæða í framtíðinni, sem er grundvöllur fyrir því að byggðapróun- og samvinna svæðanna geti dafnað með eðlilegum hætti. Höfuðáhersla er lögð á að slíkar fjárveitingar verði sérmerktar á áætlunartímabilinu.

Vegagerðin:

11. Fundurinn lítur á það sem sjálfsagt mál að vegamál og umsýsla þeirra sé staðsett í fjórðungnum, og krefst þess að skipurit Vegagerðarinnar verði endurskoðað með það í huga að koma þessari vinnu aftur til baka á sinn stað í fjórðungnum. Það skipurit sem nú er við lýði er óásættanlegt, og það að allar ákvarðanir og megnið af allri vinnu sem tengist undirbúningi nýframkvæmda sé staðsett utan Austurlands. Það mætti líta á það sem góða “mótvægisáðgerð” að fá þessi störf aftur heim á Austurland, og myndi sú áðgerð skilja mun meira eftir hér heldur en margar aðrar áðgerðir sem áður hafa verið kynntar sem slíkar.

Hafnamál:

12. Fundurinn fagnar því að gildistöku 24. gr. hafnarlaga, sem fjallar um ríkisstyrktar framkvæmdir, hafi verið frestað til 2011 og leggur áherslu á að löggin verði endurskoðuð. Á meðan endurskoðun er í gangi verði haldið áfram að styrkja hafnarframkvæmdir sem falla undir núverandi ákvæði. Einnig verði auknu fjármagni veitt í nýframkvæmdir.
13. Fundurinn vill að áfram verði unnið að uppbyggingu á ferjuhöfninni á Seyðisfirði, enda er sú höfn eina tenging vegakerfissins við Evrópu, og því mikilvægt að hafa þjónustu og aðstöðu eins og best verður á kosið

Flugsamgöngur:

14. Að lengja flugbraut Egilsstaðaflugvallar í 2.700 metra og gera þannig úr garði að hann uppfylli ítrustu kröfur sem millilandaflugvöllur og öll aðstaða sem þarf sé fyrir hendi.

15. Að viðhalda og bæta þjónustu og öryggi á Hornafjarðarflugvelli, s.s. með gerð þverbrautar, til að auka notkunarmöguleika vallarins, völlumurinn verði áfram viðurkenndur sem millilandaflugvöllur til þess að geta sinnt ferju- og einkaflugi.
16. Hið sama gildir um Vopnafjarðarflugvöll hvað varðar flugöryggi og þjónustu við íbúa norðan Smjörvatnsheiðar. Að umbætur verði gerðar á Norðfjarðarflugvelli þannig að hann nýtist sem best fyrir sjúkraflug.
17. Að ein af þyrlum landhelgisgæslunnar verði staðsett í fjórðungnum.
18. Að nú þegar verði farið í það að endurbæta alla aðstöðu á Reykjavíkflugvelli og að það verði tryggt að völlumurinn verði áfram á þeim stað sem hann er nú. Það er algert lykilatriði fyrir landsbyggðina að hafa góðar og öruggar samgöngur við höfuðborgina, og því má ekki færa Reykjavíkflugvöll, heldur þarf að bæta þar alla aðstöðu, og byggja upp samgöngumiðstöð til að þjóna flugfarþegum við völlum betur. Einnig þarf að tryggja að samkeppni geti verið á þessum vetvangi sem og öðrum.

Fjarskiptamál:

19. Fundurinn leggur áherslu á að unnið verði áfram að bætingu á GSM sambandi við alla vegi í fjórðungnum. Lögð verði áhersla á að ljúka þessu sem allra fyrst til að tryggja öryggi vegfarenda. Fundurinn leggur mikla áherslu á að nú þegar verði byggt upp GSM- og háhraðanetsamband í dreifbýli með markvissum hætti. Ljóst er að fjarskipti til sveita, eru ekki eins og best verður á kosið og þarf að taka verulega á þeim málum því að þetta stendur sveitum landsins fyrir þrífum og minnkar möguleika á nýsköpun í sveitum fjórðungsins.

Almenningssamgöngur á landi:

Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi almenningssamgangna í fjórðungnum. Til að byggja upp heilstætt kerfi landssamgangna er m.a. brýnt að áætlunarferðum milli Hafnar og Egilsstaða verði komið á allt árið. Einnig er nauðsynlegt til að tryggja almenningssamgöngur milli þéttbýliskjarna og innan þeirra, og að ríkisvaldið komi að þeim samgöngum.

3. Samgönguáætlun 2007-2010

Einar Þorvarðarsson fór yfir helstu tölur og dagsetningar og stöðuna á þeim verkefnum sem eru í gangi.

4. Ýmis mál.

- a) Mat á samfélagsáhrifum jarðganga á Mið-Austurlandi. (Unnið af Þróunarfélaginu að beiðni Vinnumarkaðsráðs Austurlands. Lagt fram til kynningar.
- b) Samgöngur á Austurlandi : Erindi Samgöngunefndar Fjarðabyggðar (12. júní) : Stjórn SSA vísaði erindinu til SASSA (15. júlí s.l.) Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi.

Fundargerðina rituðu Eiður Ragnarsson og Þorsteinn Steinsson

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali no. 17 til Samgöngunefndar

Til byggða- og atvinnumálanefndar:

Byggða- og atvinnumál (Þingskjal no.15).

Niðurskurður aflaheimilda - Mótvægisáðgerðir.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 lýsir miklum áhyggjum af því að áhrif niðurskurðar aflaheimilda í þorski muni á nýhöfnu fiskveiðiári koma fram af fullum þunga, en aðstæður í efnahagslífi Íslendinga eru mjög ólíkar því sem var þegar ákvörðun um niðurskurð var tekin og því áhrifin af þeirri ákvörðun mun harkalegri en áður var talið.

Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að grípa til aukinna mótvægisáðgerða sem nýtast eiga sjávarbyggðum sérstaklega.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008, skorar á yfirvöld heilbrigðismála og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um núverandi heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum og halda áfram að efla og styrkja heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu. Mikilvægt er að stjórnvöld viðurkenni það aukna álag og þá jákvæðu uppbyggingu starfseminnar, sem orðið hefur m.a. með tilkomu mikilla framkvæmda og fólksfjölgunar á svæðinu, sem stjórnvöld komu af stað með virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt á góðu aðgengi að úrvals heilbrigðisþjónustu, eins og aðrir landsmenn.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og yfirvöld heilbrigðismála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu, þannig að stofnunin komist út úr þeim viðvarandi hallarekstri sem raun ber vitni. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) er einn af hornsteinum opinberrar þjónustu í fjórðungnum. Á mestu uppbyggingar- og framkvæmdatímum á Austurlandi, undanfarin 5 ár, með tilheyrandi fólksfjölgun og auknum umsvifum, þá hefur verulega dregið í sundur hvað varðar fjárframlög ríkisins til stofnunarinnar og verkefna HSA. Með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, þá er hún nú færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á höfuðborgarsvæðinu með auknum tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda. Aukinni starfsemi HSA hefur ekki verið mætt með endurskoðun á rekstrargrunni og það m.a. þrátt fyrir að í samráði við heilbrigðisyfirvöld hafi húsnæði FSN verið endurbyggt og áætlunum framfylgt um bættan tækjakost og aukna starfsemi. Fundurinn ítrekar að stofnunin verður að hafa það fjárhagslega svigrúm, sem þarf til þess að hún geti sinnt því lögbundna hlutverki sínu að standa fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa Austurlands.

Vatnajökulsþjóðgarður.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar formlegri stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og leggur ríka áherslu á að tryggðir verði nægir fjármunir til uppbyggingar og rekstrar þjóðgarðsins og uppbyggingu á tengdri atvinnustarfsemi. Áhersla er lögð á að völd og áhrif heimamanna verði tryggð og að stofnun þjóðgarðsins verði til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins. Á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs ber því að líta sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu. Mikilvægt er að við uppbyggingu á þjónustuneti og starfsemi garðsins verði þetta markmið haft að leiðarljósi ásamt öðrum markmiðum með stofnun hans, s.s. verndun náttúru svæðisins, að gefa almenningi kost á að

kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningu þess og sögu og að veita fræðslu um náttúru, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.

Nýir íbúar á góðum stað

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008, telur afar brýnt að sveitarfélögin hugi á næstu mánuðum að stefnumótunarvinnu vegna nýrra íbúa. Við stefnumótunarvinnuna er í boði þjónusta/aðstoð frá Fjölmenningarsetri og Þróunarfélagi Austurlands. Fundurinn leggur til að eftirfylgniteymi SSA starfi áfram og vinni til loka árs 2009 samhliða þróunarverkefni Fjarðabyggðar. Fundurinn beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins að sveitarfélögunum verði tryggðar auknar tekjur til að standa undir kostnaði við þjónustuna.

Meðferð og úrvinnsla úrgangs

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 felur starfshópi SSA áframhaldandi vinnu við að leita lausna á meðferð og úrvinnslu úrgangs sem hentað geti sveitarfélögunum í landshlutanum. Verkefninu verði lokið eins fljótt og kostur er að niðurstöðum skilað inn til stjórnar SSA.

Skógrækt

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 beinir því til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að efla og styrkja Skógrækt ríkisins á Austurlandi, m.a. með því að auka fjármuni til rannsóknarstarfs í landshlutanum. Þá leggur fundurinn áherslu á að staðið verði við áætlanir um landshlutabundin skógræktarverkefni s.s. Héraðs-, Austurlands- og Suðurlandsskóga.

Orkumál

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. - 27. september 2008 skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að ekki kæmi til hækkana á raforkuverði vegna breytinga á raforkulögum. Sérstaklega verður að horfa til notenda í dreifbýli og smærri fyrirtækja. Þá leggur fundurinn áherslu á að stjórnvöld tryggi aukið fjármagn til jöfnunargreiðslu til húshitunar þar sem hún er hæst á landsbyggðinni. Ennfremur leggur fundurinn áherslu á að stutt verði enn frekar við stóráttak í jarðhitaleit á köldum svæðum og eingreiðslu til nýrra hitaveitna verði hækkað í 15 ár. Aðalfundur SSA telur brýnt að stjórnvöld efli Orkusjóð til að styðja enn betur við núverandi þróunarverkefni varðandi endurnýjanlega og sjálfbæra orkugjafa s.s. smávirkanir sem og að mæta nýjum aðakallandi verkefnum. Þá er mikilvægt að unnið verði áfram í að tryggja betur aðgengi að þriggja fasa rafmagni á landsbyggðinni.

Þá skorar fundurinn á stjórn RARIK ohf. og tengdra fyrirtækja að ganga til samninga við stórnotendur raforku í ljósi nýrra aðstæðna á raforkumarkaði. Samningar miði að bestu fánlegu kjörum í ljósi breyttra aðstæðna.

Þjónusta í landi við olíuleit á Drekasvæði

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 styður eindregið þá vinnu sem Vopnafjörður og Langesbyggð eru í og miðar að því að koma upp þjónustumiðstöð á svæðinu þar sem veitt yrði þjónusta við væntanlega olíuleit á Drekasvæðinu. Aðalfundurinn telur þá þjónustu sem væntanleg olíuleit á Drekasvæði mun kalla eftir sé best staðsett á Norðausturhorni landsins og hvetur ríkisvaldið til að styðja við áform heimamanna sem geta leitt af sér margvísleg tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu.

Þá er ljóst að fyrirhuguð olíuleit á Drekasvæðinu mun kalla á mikla umferð með þylum til og frá landi og leggur fundurinn áherslu á að aðstaða til þessa verði tryggð á flugvellinum á Egilsstöðum. Aðalfundurinn telur þessa þróun jafnframt undirstrika mikilvægi þess að björgunarþyrla Landshelgisgæslunnar verði staðsett á Austurlandi.

Egilsstaðaflugvöllur, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn.

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur til að sveitarfélögin skoði sameignlega möguleika á frekari nýtingu og atvinnuuppbyggingu í tengslum við samgöngumannvirki á svæðinu þ.e. Egilsstaðaflugvöll, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn. Fundurinn leggur til að myndaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að greina og kanna tækifæri til uppbyggingar og samstarfs. Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá atvinnumálnefndum sveitarfélaganna og vinni náið með Þróunarfélagi Austurlands að framgangi málsins og skili af sér niðurstöðum fyrir næsta aðalfund SSA.

Aðkoma ríkisins að skipulagningu og fjármögnun í ferðaþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.- 27. september 2008 fagnar tillögum nefndar iðnaðarráðherra um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun í ferðaþjónustu. Í þeim er lögð áhersla á betri dreifingu ferðamanna um landið með markvissum aðgerðum s.s. með því að draga fram menningu mismunandi landsvæða, fjölgun og uppbyggingu menningarferðamannastaða (segla) og með 50% framlagi ríkisins til rekstar landshlutastofa í ferðamálum á móti framlagi sveitarfélaga og fyrirtækja. Fundurinn skorar á ráðherra ferðamála að sjá til þess að fjárveitingar ríkisins til þróunarstarfs, markaðssetningar og upplýsingagjafar til ferðamanna á landsbyggðinni verði stóraukið til samræmis við þessar tillögur.

Uppbygging og markaðssetning í ferðaþjónustu landshlutans

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til uppbyggingar, þróunar og markaðssetningar á sviði ferðaþjónustu á jaðarsvæðum fjórðungsins, þar sem áhrifa stóriðju og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi gætir ekki. Fundurinn beinir og þeim tilmælum til ferðaþjónustuaðila að jafnframt því sem þeir skerpi áherslur í markaðssetningu einstakra svæða, skoði þeir með hvaða hætti þeir geti aukið samstarf innan fjórðungsins, við aðra landshluta sem og við Markaðsstofu Austurlands sem brýnt er að efla enn frekar í þessum tilgangi.

Ferðamálaáætlun 2006 til 2015

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins, vegna tillögu til þingsályktunar um ferðamál, sem samþykkt var 131. löggjafarþingi, að unnið verði heildstætt kostnaðarmat á þeim markmiðum sem sett eru fram í ályktuninni.

Flutningssjóður olíuvara og flutningskostnaður

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármuni í flutningssjóðunarsjóð olíuvara og leggi fram án tafar tillögur um jöfnun flutningskostnaðar almennt á landsbyggðinni í samræmi við tillögur starfshóps þess efnis.

Vaxtasamningur Austurlands

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 skorar á Iðnaðarráðuneytið að hefja undirbúning að framlengingu Vaxtasamnings Austurlands nú þegar. Vaxtasamningurinn

hefur verið afar mikilvægur þáttur í aukinni samvinnu og uppbyggingu á svæðinu og því brýnt að hefjast handa við endurskoðun samningsins nú þegar sem og að tryggja til hans nægjanlegt fjármagn.

Nafnabreyting – Orku og stóriðjunefnd verið Atvinnu- og auðlindanefnd

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 samþykkir að nafni Orku og stóriðjunefndar verið breytt í Atvinnu- og auðlindanefnd.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali no. 15 til Byggða og atvinnuálanefndar

Til mennta- og menningarmálanefndar:

Mennta – og menningarmál (Þingskjal no. 15).

Ályktun um samstarf í menningarmálum

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 lýsir ánægju sinni með nýjan samning sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins í menningarmálum frá 9. janúar 2008 og þá hækkun fjárframlaga til menningarmála sem varð með samningnum. Umtalsverður árangur hefur náðst í uppbyggingu á sviði menningarmála og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu ár á Austurlandi sem má m.a. rekja til góðs samstarf ríkis og sveitarfélaga um málaflokkinn.

Ályktun um menningarstofnanir

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar þeirri miklu grósku sem verið hefur í uppbyggingu menningarstofnanna í fjórðungnum. Fundurinn hvetur fjárveitingavaldið til þess að styðja áfram dyggilega við þær, þannig að starfssemi þeirra verði tryggð til framtíðar. Jafnframt hvetur fundurinn Markaðsstofu Austurlands til þess að kynna sérstaklega söfn og setur í öllum byggðum í fjórðungnum.

Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA)

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina með því að auka námsráðgjöf og framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Þá fagnar fundurinn því að ÞNA hefur í samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla á Austurlandi unnið að þróun og uppbyggingu námsvera/þekkingarsetra á Vopnafirði og Reyðarfirði. Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Einnig telur hann mikilvægt að auka framboð fjarnáms á háskólastigi, m.a. með samstarfi innlendra og erlendra háskóla.

Fundurinn lýsir ánægju sinni með hlutverk ÞNA við þróunarverkefnið „Netháskóli“ sem því hefur verið falið að móta og vinna með á landsvísu. Háskóli er mikilvægur liður í eflingu þekkingar og menntunar sem fjórðungurinn þarf á að halda. Aðalfundur SSA telur því mikilvægt að ÞNA vinni að öllu framantöldu í samstarfi við og með stuðningi frá ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsóknna á Austurlandi

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávarafla. Hafrannsóknastofnun efla uppsjávarrannsóknir sínar með starfrækslu í Neskaupstað, rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar og starfsemi Fiskistofu verði styrkt.

Ályktun um staðbundið háskólanám

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 fagnar áformum um að koma upp staðbundnu háskólanámi í Vísindagarðinum á Egilsstöðum frá og með haustinu 2009. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að staðbundið háskólanám verði að raunveruleika á Austurlandi og styður því þau áform sem nú er uppi sem fyrsta skref í uppbyggingu Háskóla á Austurlandi.

Ályktun um Rannsóknarsjóð Austurlands.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 felur stjórn SSA að taka þátt í samstarfi um að leita leiða til stofnunar Rannsóknarsjóðs Austurlands.

Ályktun um námsmannakort í Strætó bs

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 skorar á Strætó bs og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að tryggja námsmönnum af landsbyggðinni sem stunda nám þar námsmannakort án endurgjalds eins og nemendum sem búsettir eru innan svæðisins.

Námsmenn af landsbyggðinni verja námslánunum og sumarlaunum sínum á þessu svæði og þeim fylgja mikil umsvif og velta. Það eru forréttindi höfuðborgarsvæðisins að fá allt þetta fólk til sín. Nýting almenningsgangna dregur úr umferðarálagi og mengun sem er vandamál á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er hvatinn til námsmanna af landsbyggðinni til að nýta almenningsgangur sé sá sami og fyrir þá sem þar eru búsettir.

Ályktun um framhaldsskóla

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegni lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna og annarra til þróttmikillar framtíðar á Austurlandi. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu, m.a. til fjarkennslu og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Horft verði til fyrirmýnda annars staðar svo sem til fjarkennslu Framhaldsskólans á Snæfellsnesi fyrir nemendur á Patreksfirði.

Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanáms á starfssvæði SSA. Mikilvægt er að skólunum verði gert kleif að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla iðn- og starfsnám á framhaldsskólastigi í fjórðungnum. Eftirspurn eftir iðnlærðu fólki og fólki með starfsmenntun er sívaxandi og því ætti efling og kynning á slíku námi að vera forgangsverkefni hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum.

Ályktun um Starfsendurhæfingu Austurlands.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar stofnun Starfsendurhæfingar Austurlands sem mikilvægri viðbót í félagslegt öryggisnet á svæðinu. Hvetur hann sveitarfélög á Austurlandi til að standa vörð um starfsemina.

Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali no. 15 til mennta og menningarmálanefndar.

Fundi frestað kl. 17:25

Laugardagur 27. sept.

Nefndir að störfum frá kl. 09:00 – 13:10.

Fundi framhaldið kl. 11:00

6. Vaxtarsamningur Austurlands: Hvað svo ?

Björk Sigurgeirsdóttir byrjaði á því að skilgreina hugtakið klasar og brýndi fyrir fundargestum mikilvægi þess að fyrirtæki á Austurlandi myndi með sér samstarf. Vaxtarsamningur Austurlands var kynntur, helstu markmið hans, samningsaðilar og það fjármagn sem ætlað er til verkefnisins. Einnig kom fram að Vaxtarsamningur Austurlands er sá stærsti sinnar tegundar og að háskólar og fleiri stofnanir hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga. Björk kynnti helstu framkvæmdaleiðir sem eru m.a. uppbygging klasa á fjórum sviðum, efling á tengslaneti og setja á fót verkefni sem tengjast kjarnasviðum. Því næst voru kynnt þau verkefni sem vaxtarsamningur Austurlands hefur lagt áherslu á hingað til en þau eru m.a. uppbygging svæðisbundinna klasa í menningu- og ferðaþjónustu og eflingu á sérstöðu svæða. Einnig hefur verið stutt við ákveðin átaksverkefni sem tengjast kjarnasviðum og má þar nefna tengslanet kvenna TAK. Þróun vaxtarsamningsins hingað til hefur falist í einföldunar á stjórnskipulagi og áhersla verið lögð á samfélagsuppbyggingu og eflingu grunngerðar sem leið til að efla fyrirtæki. Að lokum fór hún yfir framtíðarstöðu Vaxtarsamnings Austurlands en búið er að endurnýja vaxtarsamning Eyjafjarðar og iðnaðarráðuneytið hefur lýst því yfir að vilji sé fyrir því að halda þeim áfram annarsstaðar. Mikilvægt er að samstaða ríki hér á Austurlandi um framtíð vaxtarsamningsins og helstu áherslur hans.

Fyrirspurnir bárust frá Arnbjörgu Sveinsdóttur varðandi hvers konar verkefni eru í gangi tengd matvælaíðnaði og einnig varðandi verkefni sem hafa orðið til vegna vaxtarsamningsins; Þorsteini Bergssyni varðandi þetta verkefni, honum finnst lítið hafa komið út úr vaxtarsamningnum. Hann vildi einnig sjá fjármagnið verða nýtt til þess að styðja við þau fyrirtæki sem væru að hefja rekstur sinn.

7. Áhættumat: Skyldur og ábyrgð sveitarfélaga

Þórunn Sveinsdóttir deildarstjóri Vinnueftirlit ríkisins byrjaði á því að fara yfir vinnuverndarlögin (nr. 46/2008) og helstu markmið þeirra sem er hægt sé að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál innan vinnustaðanna sjálfra. Mikilvægt er að fólk gerir sér grein fyrir markmiðum laganna. Hún lýsti markmiði reglugerðar (nr. 20/2006) en reglugerðin á að virka sem fyrirbyggjandi vinnuvernd, draga úr fjarvistum vegna veikinda og slysa og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Nýtt ákvæði laganna segir að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. (Í sveitarfélögum eru það bæjarstjórar, sveitarstjórar eða oddvitar). Þessi áætlun á að fela í sér að gert sé skriflegt áhættumat á öryggi og heilsu starfsmanna og áhættuþáttum í vinnuumhverfinu. Ef heilsu eða öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi grípa til forvarna með tímasettri áætlun um forvarnir eða heilsuvernd. Þórunn fór yfir þá þætti sem hvert sveitarfélag þarf að skoða en þeir þættir eru m.a. greina áhættu á vinnuaðstæðum starfsmanna, mat á áhrifaþáttum, umfangi þeirra og orsökum og setja fram tímasetta áætlun um forvarnir með ábyrgðarmanni til að fylgja þeim eftir. Áhættumatið er unnið til þess að meta hvort nægjanlegar ráðstafanir séu gerðar til að verjast hugsanlegu heilsutjóni eða slysum við vinnu. Stefna hvers fyrirtækis á að vera sú að fyrirbyggjandi aðgerðir séu nægjanlegar þannig að áhætta flokkist sem lág áhætta í flokkunartöflunni fyrir áhættu. Atvinnurekandi skal tryggja eftirfylgni á úrbótum og meta þær að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur. Áætlun um öryggi og heilbrigði skal

endurskoðuð þegar breytingar verða á vinnuáðstæðum, vinnuslys eða alvarleg óhöpp verða eða ef upp koma atvinnutengdir sjúkdómar, atvik eða aðstæður sem benda til áhættu. Þórunn nefndi því næst þá áhættuþætti sem meta þarf á vinnustað en þeir eru; efnatöknun, hreyfi- og stoðkerfi, vélar og tæki, félagslegir og andlegir þættir og umhverfisþættir. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins (www.vinnueftirlit.is) eru ýmis nytsamleg verkfæri við gerð áhættumats í fyrirtækjum. Einnig væri fræðsla um áhættumat á vegum Vinnueftirlitsins á vinnuverndarnámskeiðum og sérstökum námskeiðum um áhættumat. Þórunn minntist á að þar sem sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar eru oft stórir verkkaupar í mannvirkjagerð væri mikilvægt fyrir þessa aðila að fylgja lágmarkskröfum varðandi öryggi og heilsu starfsmanna í bygginga- og mannvirkjagerð (settar 1992 í stefnumarkandi ES-tilskipun). Í rannsókn sem unnin var á orsökum vinnuslysa í bygginga- og mannvirkjagerð mátti í helmingi tilvika rekja orsakirnar til ófullnægjandi hönnunar, skipulagskosta eða til slæms vinnuskipulags á undirbúningsstigi verks. Því verður að leggja áherslu á forvarnir, samvinnu og samræminu í öryggis- og heilbrigðismálum allt frá skilgreiningu á verkefni til verkskila. Í reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum (nr. 547/1996) segir að verkkaupi skuli gera ráðstafanir á undirbúnings- og hönnunarstigi til að tryggja fyllsta öryggi og heilbrigði starfsmanna á framkvæmdartíma. Ef verktakar eru fleiri en einn skal verkkaupi skipa samræmingaraðila sem sér um framfylgja öryggis- og heilbrigðisáætlun. Þórunni sýndi hvernig markvisst vinnuverndarstarf skilar árangri m.a. í lægri slysa- og veikindakostnaði og auknum gæðum í vöru og þjónustu við viðskiptavinum ásamt betri ímynd fyrirtækis. Í lokin benti Þórunn á vinnuverndarvikuna sem haldin er 20.-24. október 2008 sem hefur slagorðið “Áhættumat og forvarnir eru leiðin”.

Fyrirspurn barst frá Þorsteini Bergssyni varðandi hávaðamælingu á vinnustöðum og sérstaklega á leikskólum í þessu sambandi. Hvernig eftirlit væri á vinnustöðum og hvort hávaðamæling væri gerð. Þórunn svaraði því játandi en benti einnig á að mikilvægt væri að hafa þessa þætti í huga við byggingu mannvirkja á borð við leikskóla þar sem hljóðeinangrun er mjög mikilvæg.

Hádegisverðarhlé frá kl. 12:00 - kl. 13:20.
Nefndastörfum lýkur kl. 13:10.

8. Afgreiðsla nefndaálita og umræður.

1. Allsherjarnefnd. Flutningsmaður Ólafur Ármannsson

Nefndarmenn: Gísli Þór Briem, Eiríkur Bj. Björgvinsson, Soffía Lárusdóttir og Cecil Haraldsson.
Ályktun um heilbrigðiseftirlit.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 ítrekar að Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur lengi sóst eftir verkefnum frá Umhverfisstofnun umfram það sem þegar er. Viðurkennt er að fagþekking og færni eru til staðar hjá embættinu og lagaheimildir eru fyrir slíku framsali verkefna. Aðalfundur SSA gagnrýnir Umhverfisstofnun fyrir seinangang í þessu máli en fyrir liggur stuðningur alþingismanna Norðausturkjördæmis og viljayfirlýsing umhverfisráðuneytisins, svo og stefna ríkisstjórnar Ísland um tilflutning verkefna út á land. Sætir furðu að undirstofnun ráðuneytis taki ekki mark á slíku. Nú þegar virkjunarframkvæmdum og byggingu álvers við Reyðarfjörð er lokið liggur fyrir að fækka þarf starfsmönnum HAUST ef ekki verða flutt þangað önnur verkefni. Þetta gerist á sama tíma og búast má við fækkun starfa í öðrum greinum atvinnulífsins á Austurlandi, m.a. vegna skerðingar á aflamarki þorsks.

Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 tekur heilshugar undir yfirlýsingu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. ágúst 2008. Í yfirlýsingunni leggur stjórnin sérstaklega áherslu á að gengið verði frá samkomulagi um eftirfarandi:

- Sérstakt aukaframlag ríkissjóðs, 1.400 m.kr., verði áfram greitt í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd.
- Varasjóði húsnæðismála verði tryggðir fjármunir til að gegna hlutverki sínu.
- Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði tryggðir fjármunir til að styðja við frekari sameiningu sveitarfélaga.
- Fjármunir til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á slökkvibúnaði hjá sveitarfélögum verði tryggðir.
- Hlutdeild ríkisins í endurgreiðslu á kostnaði sveitarfélaga við refa- og minkaveiðar verði hækkuð.
- Teknar verði upp viðræður ríkisstjórnarinnar og sambandsins um þátttöku ríkissjóðs í rekstri almenningsgangna og hætt verði skattheimtu ríkisins af þeim rekstri. Fundurinn bendir einnig á nauðsyn þess að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dugi til að mæta kostnaði sveitarfélaga við skólaakstur.

Ályktun um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 skorar á ríkisvaldið að hefja nú þegar heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmiðið er að fjölga skattstofnum, t.d. með hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og skatti af einkahlutafélögum og orkumannvirkjum, þannig að sveitarfélög beri ekki skarðan hlut frá borði m.v. breytta uppsprettu tekna í þjóðfélaginu. Stóruaukinn fjöldi einkahlutafélaga og einstaklinga sem einungis hafa fjármagnstekjur hefur leitt af sér að einstaklingar sem áður greiddu skatt bæði til ríkis og sveitarfélaga greiða nú í litlum mæli skatt til sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa þó eftir sem áður lögbundnar skyldur um að veita öllum íbúum sínum þjónustu. Því er óeðlilegt að breytingar á skattaumhverfi og skattareglum leiði það af sér að skattar sem undir þeirri þjónustu eiga að standa hverfi með öllu eða rými verulega fyrir einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins.

Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur mikla áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að hann standi undir nafni. Leggja verður ríkari áherslu á það hlutverk Jöfnunarsjóðs að tryggja að hægt sé að veita sömu þjónustu við íbúa landsins óháð búsetu. Þetta verður að hafa að leiðarljósi við endurskoðun á reglum sjóðsins sem mikilvægt er að hraðað verði og lokið sem fyrst. Fundurinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga verði áfram tryggð framlög úr sjóðnum.

Tekjuskattur / jöfnunaraðgerð

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 styður ályktun 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga 2008 og skorar á ríkisstjórnina að hefja nú þegar úttekt á þeim möguleika að nota tekjuskattkerfið á einstaklinga og fyrirtæki sem jöfnunaraðgerð til að snúa við áratuga neikvæðri byggðaþróun á landsbyggðinni. Þannig mætti hafa mun meiri áhrif á byggðaþróun á veikustu byggðasvæðunum. Einnig skorar aðalfundurinn á ríkisstjórnina að skoða þann möguleika að námsmönnum yrði veittur afsláttur af endurgreiðslu námslána gegn því að þeir störfuðu á svæðum sem eiga í erfiðleikum vegna fólksfækkunar. Erlendis er sú aðferð víða

notuð á landsvæðum sem eru að glíma við byggðaröskun með góðum árangri, s.s. í Noregi og í Svíþjóð.

Fráveitumálefni

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 felur stjórn SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknum mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun skólps. Þá áréttar aðalfundur SSA að ríkisvaldið hlutist til um að tekið verði tillit til mismunandi rekstrarforms og uppbyggingar við fráveitugerð sem og staðhátta sem ekki eru þeir sömu hér og víða erlendis.

Byggðastofnun og Þróunarfélag Austurlands 42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur mikla áherslu á að starfsemi Þróunarfélaga og Byggðastofnunar í landshlutunum verði eflid. Með því aukast möguleikar þessara stofnana til að vinna heildstætt fyrir sveitarfélögin og atvinnulífið í landshlutanum.

Skipulags- og byggingarmál.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggst gegn nýju frumvarpi að skipulags- og byggingarlögum. Í frumvarpinu eru að finna ákvæði sem veða að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna, s.s. landsskipulagið. Fundurinn fagnar vinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi gerð umsagnar um drög umræddra laga. Fundurinn tekur einnig undir það sem kemur fram í ályktun landsþings sambandsins, að skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaganna og því mikilvægt að landsskipulagsáætlun ríkisins verði ekki réttþærri skipulagsvaldi sveitarfélaganna.

Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 felur stjórn SSA að setja á fót starfshóp sem fjalla á um og gera tillögu að framtíðarskipulagi á samstarfi sveitarfélaga í SSA.

Starfshópurinn skili tillögum sínum til stjórnar í maí 2009 þannig að hægt sé að senda þær til umsagnar aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfundar SSA 2009.

Greinargerð: Með úrsögn Hornfirðinga úr SSA eru aðildarsveitarfélög SSA orðin 8.

Tvö sveitarfélög eru þá með 75% íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna. Flest voru aðildarsveitarfélögin 35 á sínum tíma. Á vegum stjórnvalda er að störfum starfshópur sem á að fara yfir og skoða skipulag Landshlutasamtakanna og svæðasamvinnu sveitarfélaga. Því þykir rétt að SSA hafi sjálft frumkvæði að því að fara yfir og skoða með hvaða hætti best megi skipa samstarfi sveitarfélaga í SSA í breyttu umhverfi.

Úrsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar úr SSA.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 samþykkir úrsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar úr SSA sbr. bréf sveitarfélagsins til stjórnar SSA 4. júlí 2008.

Úrsögnin tekur gildi frá og með 31. des. nk. og gilda um hana að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga. Fundurinn þakka Austur Skaftfellingum áratuga farsælt samstarf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. (meðfylgjandi greinargerð bréf 4. júlí 2008.)

Sameining sveitarfélaga

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 samþykkir að fela stjórn SSA að efna til málþings um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga og framtíðarsameiningu sveitarfélaga á Austurlandi.

2. Byggða- og atvinnumálanefnd: Flutningsmaður: Guðmundur Ólafsson formaður.

Nefndarmenn: Hrafnkell Hannesson, Valdimar O. Hermansson, Íris Valsdóttir, Jóhanna Hallgrímsdóttir, Þorsteinn Bergsson og Guðrún A. Guðnadóttir.

Niðurskurður aflaheimilda - Mótvægisáðgerðir.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 lýsir miklum áhyggjum af því að áhrif niðurskurðar aflaheimilda í þorski muni á nýhöfnu fiskveiðiári koma fram af fullum þunga, en aðstæður í efnahagslífi Íslendinga eru mjög ólíkar því sem var þegar ákvörðun um niðurskurð var tekin og því áhrifin af þeirri ákvörðun mun harkalegri en áður var talið.

Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að grípa til aukinna mótvægisáðgerða sem nýtast eiga sjávarbyggðum sérstaklega.

Ályktun um heilbrigðisþjónustu.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008, skorar á yfirvöld heilbrigðismála og ríkisstjórn Íslands, að standa vörð um núverandi heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum og halda áfram að efla og styrkja heilbrigðiskerfið á Austurlandi sem einn mikilvægasta grunnþátt nauðsynlegrar þjónustu við íbúa á svæðinu. Mikilvægt er að stjórnvöld viðurkenni það aukna álag og þá jákvæðu uppbyggingu starfseminnar, sem orðið hefur m.a. með tilkomu mikilla framkvæmda og fólksfjölgunar á svæðinu, sem stjórnvöld komu af stað með virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Íbúar Austurlands eiga skýlausan rétt á góðu aðgengi að úrvals heilbrigðisþjónustu, eins og aðrir landsmenn.

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 skorar á Alþingi, fjárveitingavaldið og yfirvöld heilbrigðismála að sjá til þess að fjárframlög til stofnunarinnar taki mið af raunverulegri starfsemi hennar og getu, þannig að stofnunin komist út úr þeim viðvarandi hallarekstri sem raun ber vitni. Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) er einn af hornsteinum opinberrar þjónustu í fjórðungnum. Á mestu uppbyggingar- og framkvæmdatímum á Austurlandi, undanfarin 5 ár, með tilheyrandi fólksfjölgun og auknum umsvifum, þá hefur verulega dregið í sundur hvað varðar fjárframlög ríkisins til stofnunarinnar og verkefna HSA. Með aukinni tækjavæðingu, getu og tiltrú á stofnunina, þá er hún nú færari um að sinna stærri hluta þeirrar heilbrigðisþjónustu sem áður var sinnt á höfuðborgarsvæðinu með auknum tilkostnaði ríkisins og þeirra íbúa sem á þjónustunni þurfa að halda. Aukinni starfsemi HSA hefur ekki verið mætt með endurskoðun á rekstrargrunni og það m.a. þrátt fyrir að í samráði við heilbrigðisyfirvöld hafi húsnæði FSN verið endurbyggt og áætlunum framfylgt um bættan tækjakost og aukna starfsemi. Fundurinn ítrekar að stofnunin verður að hafa það fjárhagslega svigrúm, sem þarf til þess að hún geti sinnt því lögbundna hlutverki sínu að standa fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa Austurlands.

Vatnajökulsþjóðgarður

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar formlegri stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og leggur ríka áherslu á að tryggðir verði nægir fjármunir til uppbyggingar og rekstrar þjóðgarðsins og uppbyggingu á tengdri atvinnustarfsemi. Áhersla er lögð á að völd og áhrif heimamanna verði tryggð og að stofnun þjóðgarðsins verði til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins. Á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs ber því að líta sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu. Mikilvægt er að við uppbyggingu á

þjónustuneti og starfsemi garðsins verði þetta markmið haft að leiðarljósi ásamt öðrum markmiðum með stofnun hans, s.s. verndun náttúru svæðisins, að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningu þess og sögu og að veita fræðslu um náttúru, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknnum til að efla þekkingu á þessum þáttum.

Nýir íbúar á góðum stað

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008, telur afar brýnt að sveitarfélögin hugi á næstu mánuðum að stefnumótunarvinnu vegna nýrra íbúa. Við stefnumótunarvinnuna er í boði þjónusta/aðstoð frá Fjölmenningssetri og Þróunarfélagi Austurlands. Fundurinn leggur til að eftirfylgniteymi SSA starfi áfram og vinni til loka árs 2009 samhliða þróunarverkefni Fjarðabyggðar. Fundurinn beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins að sveitarfélögunum verði tryggðar auknar tekjur til að standa undir kostnaði við þjónustuna.

Meðferð og úrvinnsla úrgangs

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 felur starfshópi SSA áframhaldandi vinnu við að leita lausna á meðferð og úrvinnslu úrgangs sem hentað geti sveitarfélögunum í landshlutanum. Verkefninu verði lokið eins fljótt og kostur er að niðurstöðum skilað inn til stjórnar SSA.

Skógrækt

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 beinir því til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að efla og styrkja Skógrækt ríkisins á Austurlandi, m.a. með því að auka fjármuni til rannsóknarstarfs í landshlutanum. Þá leggur fundurinn áherslu á að staðið verði við áætlanir um landshlutabundin skógræktarverkefni s.s. Héraðs-, Austurlands- og Suðurlandsskóga.

Orkumál

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. - 27. september 2008 skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að ekki kæmi til hækkana á raforkuverði vegna breytinga á raforkulögum. Sérstaklega verður að horfa til notenda í dreifbýli og smærri fyrirtækja. Þá leggur fundurinn áherslu á að stjórnvöld tryggi auknið fjármagn til jöfnunargreiðslu til húshitunar þar sem hún er

hæst á landsbyggðinni. Ennfremur leggur fundurinn áherslu á að stutt verði enn frekar við stóráttak í jarðhitaleit á köldum svæðum og eingreiðslu til nýrra hitaveitna verði hækkað í 15 ár. Aðalfundur SSA telur brýnt að stjórnvöld efli Orkusjóð til að styðja enn betur við núverandi þróunarverkefni varðandi endurnýjanlega og sjálfbæra orkugjafa s.s. smávirðjarnir sem og að mæta nýjum aðkallandi verkefnum. Þá er mikilvægt að unnið verði áfram í að tryggja betur aðgengi að þriggja fasa rafmagni á landsbyggðinni.

Þá skorar fundurinn á stjórn RARIK ohf og tengdra fyrirtækja að ganga til samninga við stórnotendur raforku í ljósi nýrra aðstæðna á raforkumarkaði. Samningar miði að bestu fánlegu kjörum í ljósi breyttra aðstæðna.

Þjónusta í landi við olíuleit á Drekasvæði

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 styður eindregið þá vinnu sem Vopnafjörður og Langesbyggð eru í og miðar að því að koma upp þjónustumiðstöð á svæðinu þar sem veitt yrði þjónusta við væntanlega olíuleit á Drekasvæðinu. Aðalfundurinn telur þá þjónustu sem væntanleg olíuleit á Drekasvæði mun kalla eftir sé best staðsett á Norðausturhorni landsins og hvetur ríkisvaldið til að styðja við áform heimamanna sem geta leitt af sér margvísleg tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu.

Þá er ljóst að fyrirhuguð olíuleit á Drekasvæðinu mun kalla á mikla umferð með þylum til og frá landi og leggur fundurinn áherslu á að aðstaða til þessa verði tryggð á flugvælinum á Egilsstöðum. Aðalfundurinn telur þessa þróun jafnframt undirstrika mikilvægi þess að björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar verði staðsett á Austurlandi.

Egilsstaðaflugvöllur, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn.

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur til að sveitarfélögin skoði sameignlega möguleika á frekari nýtingu og atvinnuuppbyggingu í tengslum við samgöngumannvirki á svæðinu þ.e. Egilsstaðaflugvöll, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn. Fundurinn leggur til að myndaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að greina og kanna tækifæri til uppbyggingar og samstarfs. Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá atvinnumálnefndum sveitarfélaganna og vinni náið með Þróunarfélagi Austurlands að framgangi málsins og skili af sér niðurstöðum fyrir næsta aðalfund SSA.

Aðkoma ríkisins að skipulagningu og fjármögnun í ferðaþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.- 27. september 2008 fagnar tillögum nefndar iðnaðarráðherra um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun í ferðaþjónustu. Í þeim er lögð áhersla á betri dreifingu ferðamanna um landið með markvissum aðgerðum s.s. með því að draga fram menningu mismunandi landsvæða, fjölgun og uppbyggingu menningarferðamannastaða (segla) og með 50% framlagi ríkisins til rekstrar landshlutastofa í ferðamálum á móti framlagi sveitarfélaga og fyrirtækja. Fundurinn skorar á ráðherra ferðamála að sjá til þess að fjárveitingar ríkisins til þróunarstarfs, markaðssetningar og upplýsingagjafar til ferðamanna á landsbyggðinni verði stóraukið til samræmis við þessar tillögur.

Uppbygging og markaðssetning í ferðaþjónustu landshlutans

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að á næstu árum verði veitt sérstöku fjármagni til uppbyggingar, þróunar og markaðssetningar á sviði ferðaþjónustu á jaðarsvæðum fjórðungsins, þar sem áhrifa stóriðju og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi gætir ekki. Fundurinn beinir og þeim tilmælum til ferðaþjónustuaðila að jafnframt því sem þeir skerpi áherslu í markaðssetningu einstakra svæða, skoði þeir með hvaða hætti þeir geti aukið samstarf innan fjórðungsins, við aðra landshluta sem og við Markaðsstofu Austurlands sem brýnt er að efla enn frekar í þessum tilgangi.

Ferðamálaáætlun 2006 til 2015

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 beinir þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins, vegna tillögu til þingsályktunar um ferðamál,

sem samþykkt var 131. lögjafabingi, að unnið verði heildstætt kostnaðarmat á þeim markmiðum sem sett eru fram í ályktuninni.

Flutningssjóður olúvara og flutningskostnaður

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27 september 2008 skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármuni í flutningsjöfnunarsjóð olúvara og leggi fram án tafar tillögur um jöfnun flutningskostaðar almennt á landsbyggðinni í samræmi við tillögur starfshóps þess efnis.

Vaxtasamningur Austurlands

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27 september 2008 skorar á Iðnaðarráðuneytið að hefja undirbúning að framlengingu Vaxtasamnings Austurlands nú þegar. Vaxtasamningurinn hefur verið afar mikilvægur þáttur í aukinni samvinnu og uppbyggingu á svæðinu og því brýnt að hefjast handa við endurskoðun samningsins nú þegar sem og að tryggja til hans nægjanlegt fjármagn.

Nafnbreyting – Orku og stóriðjunefnd verið Atvinnu og auðlindanefnd

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27 september 2008 samþykkir að nafni Orku og stóriðjunefndar verið breytt í Atvinnu- og auðlindanefnd.

3. Mennta – og menningarmálanefnd. Flutningsmaður Páll Baldursson.

Nefndarmenn: Helga Jónsdóttir, Þórður Vilberg Guðmundsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Guðrún Ingimundardóttir, Katrín Reynisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir

Ályktun um samstarf í menningarmálum

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 lýsir ánægju sinni með nýjan samning sveitarfélaga á Austurlandi og ríkisins í menningarmálum frá 9. janúar 2008 og þá hækkun fjárframlaga til menningarmála sem varð með samningnum. Umtalsverður árangur hefur náðst í uppbyggingu á sviði menningarmála og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu ár á Austurlandi sem má m.a. rekja til góðs samstarf ríkis og sveitarfélaga um málaflökkinn.

Ályktun um menningarstofnanir

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar þeirri miklu grósku sem verið hefur í uppbyggingu menningarstofnanna í fjórðungnum. Fundurinn hvetur fjárveitingavaldið til þess að styðja áfram dyggilega við þær, þannig að starfssemi þeirra verði tryggð til framtíðar. Jafnframt hvetur fundurinn Markaðsstofu Austurlands til þess að kynna sérstaklega söfn og setur í öllum byggðum í fjórðungnum.

Ályktun um Þekkingarnet Austurlands (ÞNA)

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar framþróun Þekkingarnets Austurlands. Fundurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að efla starfsemina með því að auka námsráðgjöf og framboð og gæði þeirra námskeiða sem íbúum standa til boða. Þá fagnar fundurinn því að ÞNA hefur í samstarfi við sveitarfélög og framhaldsskóla á Austurlandi unnið að þróun og uppbyggingu námsvera/þekkingarsetra á Vopnafirði og Reyðarfirði. Fundurinn telur uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Einnig telur hann mikilvægt að auka framboð fjarnáms á háskólastigi, m.a. með samstarfi innlendra og erlendra háskóla.

Fundurinn lýsir ánægju sinni með hlutverk ÞNA við þróunarverkefnið „Netháskóli“ sem því hefur verið falið að móta og vinna með á landsvísu. Háskóli er mikilvægur liður í eflingu þekkingar og menntunar sem fjórðungurinn þarf á að halda. Aðalfundur SSA telur því mikilvægt að ÞNA vinni að öllu framantöldu í samstarfi við og með stuðningi frá ríkisvaldinu, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Ályktun um miðstöð sjávarútvegsrannsókna á Austurlandi

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 skorar á ríkisstjórnina að styrkja fræðasetrið Búland í Neskaupstað sem miðstöð sjávarútvegsþjónustu og rannsókna á uppsjávaraflla. Hafrannsóknastofnun efla uppsjávarrannsóknir sínar með starfrækslu í Neskaupstað, rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtækin verði auknar og starfsemi Fiskistofu verði styrkt.

Ályktun um staðbundið háskólanám

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26.-27. september 2008 fagnar áformum um að koma upp staðbundnu háskólanámi í Vísindagarðinum á Egilsstöðum frá og með haustinu 2009. Aðalfundur SSA telur afar mikilvægt að staðbundið háskólanám verði að raunveruleika og styður því þau áform sem nú er uppi sem fyrsta skref í uppbyggingu Háskóla á Austurlandi.

Ályktun um Rannsóknarsjóð Austurlands.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 felur stjórn SSA að taka þátt í samstarfi um að leita leiða til stofnunar Rannsóknarsjóðs Austurlands.

Ályktun um námsmannakort í Strætó bs

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi dagana 26. og 27. september 2008 skorar á Strætó bs og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að tryggja námsmönnum af landsbyggðinni sem stunda nám þar námsmannakort án endurgjalds eins og nemendum sem búsettir eru innan svæðisins.

Námsmenn af landsbyggðinni verja námslánum og sumarlaunum sínum á þessu svæði og þeim fylgja mikil umsvif og velta. Það eru forréttindi höfuðborgarsvæðisins að fá allt þetta fólk til sín. Nýting almenningsamganga dregur úr umferðarálagi og mengun sem er vandamál á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er hvatinn til námsmanna af landsbyggðinni til að nýta almenningsamgöngur sé sá sami og fyrir þá sem þar eru búsettir.

Ályktun um framhaldsskóla

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegni lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna og annarra til þróttmikillar framtíðar á Austurlandi. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu, m.a. til fjarkennslu og bæta þannig möguleika til náms í heimabyggð. Horft verði til fyrirmynda annars staðar svo sem til fjarkennslu Framhaldsskólans á Snæfellsnesi fyrir nemendur á Patreksfirði.

Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanáms á starfssvæði SSA. Mikilvægt er að skólunum verði gert kleif að bjóða fram fjölbreytt nám og mæta ólíkum þörfum nemenda. Þá skorar fundurinn á yfirvöld menntamála að stórefla iðn- og starfsnám á framhaldsskólastigi í fjórðungnum. Eftirspurn eftir iðnlærðu fólki og fólki með starfsmenntun er sívaxandi og því ætti efling og kynning á slíku námi að vera forgangsverkefni hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum.

Ályktun um Starfsendurhæfingu Austurlands.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar stofnun Starfsendurhæfingar Austurlands sem mikilvægri viðbót í félagslegt öryggisnet á svæðinu. Hvetur hann sveitarfélög á Austurlandi til að standa vörð um starfsemina.

Pingskjal nr. 14 samþykkt samhljóða.

4. Samgöngunefnd - Flutningsmaður: Ólafur Hr. Sigurðsson.

Nefndarmenn: Andrés Skúlason, Eiður Ragnarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Smári Geirsson, Baldur Pálsson, Gunnar Jónsson, Jónas Guðmundsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Reynir Arnarsson, Aðalbjörn Björnsson

Vegamál

1. Að áhersla verði lögð á að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Skal þá hafa að leiðarljósi öryggi vegfarenda ásamt umferðarþunga og styttingu leiða Einnig ætti það að vera algert forgangsverkefni að útrýma einbreiðum brúm á öllum aðalleiðum vegakerfisins, og einnig þarf auknar fjárveitingar til viðhalds á þjóðvegum vegna aukinna þungaflutninga Fundurinn vill einnig lýsa sérstakri ánægju við samgönguyfirvöld með ákvörðun um flýtingu á nýjum vegi um Öxi þar sem áætluð verklok eru árið 2011.
2. Að eftirtaldir kaflar á þjóðv. 1 verði forgangsverkefni og þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - Í Örafasveit,
 - við Hornafjarðarfljót.
 - í Berufjarðarbotni.
 - í Breiðdal.
 - í Skriðdal.
3. Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - á Öxi.
 - í Stöðvarfirði.
 - í Fáskrúðsfirði.
 - á Borgarfjarðarvegi.
 - um Jökulsárhlíð.
 - Mjóafjarðarheiði.
 - Vegna tengingar Vopnafjarðar um Vopnafjarðarheiði við þjóðveg 1.
4. Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsársmgöngur milli allra byggðakjarna. Leggja skal áherslu á að þau þjónustustig sem eru skilgreind séu haldin og stækka svæði sem þjónustustig 2 nær til.
5. Að tryggt verði fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum á Austurlandi og veghaldari sjái um viðhald þeirra.
6. Að tryggt sé að reiðleiðir og stígar meðfram þjóðvegum fá einnig fjármagn frá hinu opinbera.
7. Að auknu fé verði veitt í þjóðvegi sem liggja um þéttbýli í fjórðungnum, en viðhaldi og endurbótum er víða ábótavant.

Jarðgöng

1. Í jarðgangamállum vill fundurinn lýsa yfir ánægju sinni með flýtingu Norðfjarðarganga. Jafnframt er bent á að margítrekað hefur Sambandið ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng og Vopnafjarðargöng. Brýnt er því að fjármagni verði veitt í áframhaldandi rannsóknir vegna Vopnafjarðarganga þ.a. hefjast megi handa við þau í beinu framhaldi af Norðfjarðargöngum.
2. Lögð er áhersla á að það hafi verið skilningur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, að Lónsheiðargöng væru sértæk aðgerð og staða þeirra á samgönguáætlun ætti ekki að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í fjórðungnum.
3. Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðaganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis. SSA telur það algerlega óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði sérstakar rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnfjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðausturlandi. Slíkar fjárveitingar hafa gífurlega þýðingu fyrir tiltrú fólks á þessum stöðum um góðar og öruggar samgöngur milli svæða í framtíðinni, sem er grundvöllur fyrir því að byggðapróun- og samvinna svæðanna geti dafnað með eðlilegum hætti. Höfuðáhersla er lögð á að slíkar fjárveitingar verði sérmerktar á áætlunartímabilinu.

Vegagerðin

Fundurinn lítur á það sem sjálfsagt mál að vegamál og umsýsla þeirra sé staðsett í fjórðungnum, og krefst þess að skipurit Vegagerðarinnar verði endurskoðað með það í huga að koma þessari vinnu aftur til baka á sinn stað í fjórðungnum. Það skipurit sem nú er við lýði er óásættanlegt, og það að allar ákvarðanir og megnið af allri vinnu sem tengist undirbúningi nýframkvæmda sé staðsett utan Austurlands. Það mætti líta á það sem góða “mótvægisáðgerð” að fá þessi störf aftur heim á Austurland, og myndi sú aðgerð skila mun meiru heldur en margar aðrar aðgerðir sem áður hafa verið kynntar sem slíkar.

Hafnamál

Fundurinn fagnar því að gildistöku 24. gr. hafnarlaga, sem fjallar um ríkisstyrktar framkvæmdir, hafi verið frestað til 2011 og leggur áherslu á að lögin verði endurskoðuð. Á meðan endurskoðun er í gangi verði haldið áfram að styrkja hafnarframkvæmdir sem falla undir núverandi ákvæði. Einnig verði auknu fjármagni veitt í nýframkvæmdir.

Flugsamgöngur. Fundurinn leggur til:

1. Að flugbraut Egilsstaðaflugvallar verði lengd þannig að völlurinn uppfylli ítrustu kröfur sem varaflugvöllur í millilandaflugi og að öll aðstaða sem þarf sé fyrir hendi. Einnig þarf að hlúa að og byggja upp flug frá Egilsstaðaflugvelli til annarra landa.
2. Að þjónusta og öryggi verði bætt á Hornafjarðarflugvelli, s.s. með gerð þverbrautar, til að auka notkunarmöguleika vallarins, völlurinn verði áfram viðurkenndur sem millilandaflugvöllur til þess að geta sinnt ferju- og einkaflugi.
3. Að hið sama gildir um Vopnafjarðarflugvöll hvað varðar flugöryggi og þjónustu við íbúa norðan Smjörvatnsheiðar. Norðfjarðarflugvöllur verði endurbættur þannig að hann megi þjóna Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað sem best. Skorað er á samgönguráðherra að

flýta fyrirhuguðum framkvæmdum s.s. malbikun vallarins, lýsingu brautarinnar og endurbótum á flugstöðinni.

4. Að ein af þýrlum landhelgisgæslunnar verði staðsett í fjórðungnum.

Varðandi framtíð Reykjavíkflugvallar:

Fundurinn vill minna forystumenn Reykjavíkurborgar á það að Reykjavík er höfuðborg allra landsmanna og staðsetning Reykjavíkflugvallar er einn stærsti kostur flugvallarins. Fundurinn hvetur því til þess að öllum vafa um framtíð vallarins verði eytt hið fyrsta þannig að uppbygging samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll geti hafist sem allra fyrst.

Í Reykjavík eru fyrirtæki og stofnanir sem eiga að þjóna öllum íbúum landsins s.s. á sviði heilbrigðisþjónustu, menntunar, fjármálastarfsemi, stjórnsýslu, verslunar, dóms- og öryggismála. Ætli Reykjavík að standa undir nafni sem höfuðborg alls landsins er nauðsynlegt að ráðamenn átti sig á þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna sækir nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum.

Fjarskiptamál

Fundurinn leggur áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu á GSM sambandi við alla vegi í fjórðungnum. Lögð verði áhersla á að ljúka þessu sem allra fyrst til að tryggja öryggi vegfarenda. Fundurinn leggur mikla áherslu á að nú þegar verði byggt upp GSM- og raunverulegt háhraðanetsamband í dreifbýli með markvissum hætti. Fjarskipti í sveitum landsins eru langt frá því að vera viðunandi og úr því verður að bæta sem fyrst.

Jafnframt beinir fundurinn þeim tilmælum til samgönguráðherra að gerð verði úttekt á stöðu fjarskiptakerfisins á svæðinu og að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur hið fyrsta. Einnig þarf að tryggja að svæðið njóti bestu mögulegrar þjónustu á sviði fjarskiptamála.

Almenningssamgöngur á landi

Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi almenningssamgangna í fjórðungnum. Til að byggja upp heildstætt kerfi landssamgangna er m.a. brýnt að áætluðunarkerfi milli Hafnar og Egilsstaða verði komið á allt árið. Einnig er nauðsynlegt til að tryggja almenningssamgöngur milli þéttbýliskjarna og innan þeirra, og að ríkisvaldið komi að þeim samgöngum.

Landssamgöngur á Austurlandi framtíðarsýn

Aðalfundur SSA 2008 felur samgöngunefnd SSA að undirbúa stefnumörkun fyrir landssamgöngur á Austurlandi og leggja tillögu fyrir stjórn Sambandsins eigi síðar en fyrir aðalfund 2009. Þannig verði leitað leiða til að sameina sveitarstjórnir um tillögur að forgangsröðun samgöngumannvirkja í landshlutanum inn í samgönguáætlun Alþingis til næstu ára og áratuga. Stefnumörkunin taki mið af þremur meginásam í samgöngumálum í landshlutanum þ.e. flutningahöfn á Mjóeyri í Fjarðabyggð, flugvelli á Fljótsdalshéraði og ferjuhöfn á Seyðisfirði.

Tillaga frá Seyðisfjarðarkaupstað til aðalfundar SSA haldinn Djúpavogi 26 – 27 sept. 2008.

Aðalfundur SSA lýsir yfir fullum stuðningi við baráttu Seyðfirðinga fyrir jarðgöngum á milli Héraðs og Seyðisfjarðar. Samþykkt samhljóða með 22 atkvæðum.

Bókun Fjarðabyggðar vegna samgöngumála (Þingskjal 20):

Bókun v/ tillögu frá Seyðisfjarðakaupstað til Aðalfundar SSA á Djúpavogi dagana 26-27. sept. Fulltrúar Fjarðabyggðar munu sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu þrátt fyrir eindregin stuðning við að Seyðisfjörður verði tengdur með jarðgöngum. Að mati fulltrúa Fjarðabyggðar munu jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Héraðs á þessu stigi ekki stuðla að frágangi þess verkefnis sem kennt er við Samgöng. Til að stuðla að því að samgangaverkefnið nái fram að ganga er mikilvægt að tengja fyrst firðina með göngum og síðan tengja firði og Hérað. Það mun verða afar erfitt að vinna að vinna að tengingu Fjarða norður til Seyðisfjarðar eftir að göng milli Seyðisfjarðar og Héraðs eru orðin að veruleika. Í annarri ályktun þessa aðalfundar er lýst yfir stuðningi við samgangaverkefnið, en að mati fulltrúa Fjarðabyggðar stuðlar samþykkt þessarar tillögu ekki að framgangi þess.

Bókun Fljótsdalshéraðs vegna samgöngumála (Þingskjal 21):

Fulltrúar Fljótsdalshéraðs lýsa fullum stuðningi við baráttu Seyðfirðinga fyrir jarðgöngum á milli Seyðisfjarðar og Héraðs. Það er mat okkar að með því að styðja þessa tillögu Seyðfirðinga sé á engan hátt verið að draga út mikilvægi metnaðarfullrar framtíðarsýnar Samgangna um Mið-Austurlandsgöng. Líkt og að Norðfjarðargöng geta talist vera 1. áfangi Mið-Austurlandsganga geta göng á milli Héraðs og Seyðisfjarðar talist annar áfangi í því stóra verkefni. Fulltrúar Fljótsdalshérað hafa ávallt stutt við gerð Norðfjarðarganga í samræmi við óskir og vilja heimamanna. Það sama gerum við núna í kjölfar beiðna Seyðfirðinga um stuðning við þeirra hugmyndir um lausn á sínum samgöngumálum til framtíðar. Þá er á engan hátt verið að gengisfella stærri hugmyndi um heildstæð Mið-Austurlandsgöng.

Þingskjal no. 17 samþykkt samhljóða

5. Fjárhagsnefnd - Flutningsmaður: Þorsteinn Steinsson formaður.

Nefndarmenn: Eiríkur Björgvinsson og Sigrún Birna Björnsdóttir.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2007, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2009 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Jafnframt fylgdi gögnum þessum greinargerð framkvæmdastjóra SSA með ársreikningi 2007, fjárhagsáætlun 2009 og endurskoðaðri áætlun 2008. Fjárhagsnefndin hefur farið yfir ársreikning ársins 2007 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2009 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Nefndin leggur til að ársreikningur 2007 og fyrirbyggjandi áætlanir verði samþykkt.

Nefndin telur sérstaka ástæðu til þessa að vekja athygli á lífeyrisskuldbindingum SSA, sem samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt nemur 48,7 m. kr. í árslok 2007 og er hækkun ársins 2007 5,3 m. kr. Hækkun ársins hefur verið gjaldfærð í ársreikningi 2007.

Nokkrar breytingar verða á fjárhag SSA við það að Hornfirðingar hverfa á braut úr samtökunum. Endurskoðanda SSA verður falið að vinna tillögu að uppgjöri milli aðila í þessum efnunum.

Lagt fram til samþykktar á aðalfundi SSA 26.-27. september 2008.

Þingskjal nr. 18 samþykkt samhljóða.

6. Kjörnefnd - Flutningsmaður: Guðmundur R. Gíslason.

Nefndarmenn: Práinn Lárusson og Katrín Reynisdóttir.

7. Kosningar aðalfundar SSA 2008

Stjórn SSA:

Aðalmenn:

Varamenn:

Norðursvæði:

Guðmundur Ólafsson, Fljótsdalshéraði
Björn Ármann Ólafsson, Fljótsdalshéraði
Ólafur Hr. Sigurðsson, Seyðisfjörður
Ólafur Ármannsson, Seyðisfjörður

Baldur Pálsson, Fljótsdalshéraði
Jakob Sigurðsson, Borgarfirði Eystra
Margrét Vera Knútsdóttir, Seyðisfjörður
Anna Pála Víglundsdóttir

Suðursvæði:

Páll Baldursson, Breiðdalshreppur
Björn Hafþór Guðmundsson, Djúpavogsh. r.
Guðmundur R. Gíslason, Fjarðabyggð

Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Valdimar O. Hermannsson, Fjarðabyggð

Skoðunarmenn ársreikninga:

Sigurjón Jónasson, Fljótsdalshéraði
Jóhanna Guðmundsdóttir, Fljótsdalshéraði

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisfirði
Ari Bogason, Seyðisfirði

Atvinnu- og auðlindanefnd:

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshreppi
Maríanna Jóhannsdóttir, Fljótsdalshéraði
Valdimar Hermannsson, Fjarðabyggð
Íris Valsdóttir, Fjarðarbyggð
Smári Geirsson, Fjarðabyggð

Ómar Bogason, Seyðisfjörður
Katrín Ásgeirsdóttir
Jens Garðar Helgason, Fjarðabyggð
Líneik Anna Sævarsdóttir, Fjarðabyggð
Unnur Björgvinsdóttir, Breiðdalshreppur

Samgöngunefnd SSA:

Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð
Sigrún Birna Björnsdóttir, Fjarðabyggð
Katrín Reynisdóttir, Seyðisfjörður
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Fljótsdalshéraði
Þorsteinn Steinsson, Vopnafjörður

Andrés Skúlason, Djúpavogshreppur
Guðmundur Þorgrímsson, Fjarðabyggð
Cecil Haraldsson, Seyðisfjörður
Gunnar Jónsson, Fljótsdalshéraði
Guðrún Anna Guðnadóttir, Vopnafjörður

Önnur mál:

Kristján Ingimarsson þakkaði, f. h. fundarstjóra, starfsmönnum samvinnuna og fulltrúum öllum samveruna.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri tók til máls og þakkaði starfsmönnum öllum vel unnin störf, sagði umgjörð alla til fyrirmyndar og sleit síðan 42. þingi SSA kl. 14:45.

sign. Bryndís Reynisdóttir
sign. Albert Jensson

Viðbót.

Þingskjöl aðalfundar SSA 26. – 27. september 2008 á Djúpavogi

Þingskjal	Heiti	Nefnd
2	Skýrsla stjórnar	Allsherjarnefnd
3	Ársreikningur	Fjárhagsnefnd
4	Endursk. fjárhagsáætlun 2008	Fjárhagsnefnd
5	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsnefnd
6	Orku- og stóriðjunefnd SSA	Byggða- og atvinnumálanefnd
7	Samgöngunefnd SSA	Samgöngunefnd
8	Ársskýrsla HAUST 2007	Allsherjarnefnd
9	Menningaráð Austurlands	Mennta- og menningarmálanefnd
10	Þekkingarnet Austurlands	Mennta- og menningarmálanefnd
11	Ferðamálasamtök Austurlands	Byggða – og atvinnumálanefnd
12	Breytingar á samþykktum SSA	Allsherjarnefnd
13	Álit nefndanefnda	
14	Álit allsherjarnefndar	
15	Álit byggða – og atvinnumálanefndar	
16	Álit mennta – og menningarmálanefndar	
17	Álit samgöngunefndar	
18	Fjárhagsnefnd	
19	Kjörnefnd	
20	Bókun Fjarðabyggðar	
21	Bókun Fljótisdalshéraðs	
